





Opið til 16:00 í dag
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

AÐFANGADAGUR
24. desember 2014
302. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# Rauðhetta í snjónum í Heiðmörk er jólamynd ársins

Jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis

„Ég lét sauma rauðhettuslá á dóttur mína úr gömlu stofugardínunum hennar mömmu,“ segir Kristín Valdemarsdóttir, sigurvegari jólaljósmyndasamkeppni Vísis og Fréttablaðsins.

Kristín starfar sem íþróttakennari en hefur síðastliðin ár dundað sér við ljósmyndun og undirbýr jóladagatal í desember með jólamyndum sem hún birtir að morgni hvers dags. Hún segir dagatalið vera mikilvægan lið í jólaundirbúningnum. „Ég hef gaman af því að stilla upp fyrir myndatökur, þróa hugmyndir og finna leikmuni. Þetta er mín leið til að fá útrás fyrir ljósmyndaáhugann,“ segir Kristín og bætir við að dætur hennar, Karólína og Matthildur séu afar þolinmóðar fyrirsætur. útrás fyrir ljósmyndaáhugann.“ **Sjá síðu 16**

➜ Ég hef gaman af því að stilla upp fyrir myndatökur, þróa hugmyndir og finna leikmuni.










**1 SÉRBLAÐ**
Fólk




LYFJA
- Lifið heil
Gleðilega jólahátíð
www.lyfja.is

Við höfum opið um jólin

Opið aðfangadag:
kl. 8-18 í Lágmúla
kl. 8-18 á Smáratorgi

Opið jóladag:
kl. 10-24 í Lágmúla
kl. 9-24 á Smáratorgi

GLEÐILEG JÓL
OPIÐ TIL 13 Í DAG
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



Björgvin stefnir þú á toppinn?

**Já, stefni alltaf á stuð og toppurinn er bónus.**

Björgvin Hilmarsson er leiðsögumaður og umsjónarmaður fjallaleiðangra. Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á ferðir á suðurpólinn.

Íslensk kona situr enn í gæsluvarðhaldi fyrir smygl á MDMA í duftformi:

# Með efnin falin innanklæða

**LÖGREGLUMÁL** Íslenska konan, sem var handtekin á Schiphol-flugvelli í síðustu viku, var með efnin falin innan klæða. Konan situr nú í gæsluvarðhaldi en hún var með 300 grömm af MDMA í duftformi falin á sér. Konan var handtekin á Schiphol-flugvellinum í Amsterdam, höfuðborg Hollands á sunnudaginn í síðustu viku. Konan hafði dvalist stutt í Hollandi og var á leið aftur til Íslands. Hún var leidd fyrir dómara 17. desember síðastliðinn þar sem hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald. Konunni hefur verið úthlutað lögmanni þar í landi sem mun sjá um mál hennar.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins er að aðstoða konuna og ættingja hennar við málið. Konan á tvö börn sem urðu eftir hér á landi en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun konan ekki koma heim til Íslands yfir hátíðarnar. Lögreglan vildi ekki tjá sig um hversu langan dóm konan gæti fengið vegna smyglsins. - fbj, vh



**TEKIN Á FLUGVELLINUM** Konan var handtekin á Schiphol-flugvelli í Amsterdam í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Aldrei fleiri staðir opnir:

# Víða opið

**NEYTENDUR** Aldrei hafa jafn margir staðir verið opnir yfir hátíðarnar eins og verður í ár. Þetta kemur fram á yfirliti sem Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Aðalstræti hefur tekið saman. Í yfirlitinu kemur fram að opið er á nokkrum veitingastöðum á aðfangadagskvöld. Í tilkynningu frá Höfuðborgarstofu er bent á að mikil aukning hefur verið í ferðamannafjölda hér á landi í jólamánuðinum. Árið 2011 voru ferðamenn rúmlega 20 þúsund en í ár sé búist við því að þeir verði um 60 þúsund. - ak

# Strandlengjan farin og fornminjar með

**Fornleifar við Gufuskála eru stórskemmdar eftir að hafrót braut stóra spildu úr strandlengjunni. Fullyrt er að minjarnar hefðu ekki tapast ef ekkert hefði verið grafið á staðnum. Stenst ekki skoðun, segir aðstandandi rannsóknarinnar.**

**RANNSÓKNIR** „Það er því miður engin mannanna verk sem hefðu staðist náttúruöflin í þessum ham. Mér sýnist að allt að tveir metrar séu farnir framan af strandlengjunni þar sem mest hefur gengið á, og það segir sig því sjálft að þetta hefði tapast algjörlega óháð fornleifauppgreftrinum á svæðinu," segir Lilja Björk Pálsdóttir, fornleifafræðingur við Fornleifastofnun Íslands, um miklar skemmdir á fornminjum við Gufuskála á Snæfellsnesi þar sem ágangur sjávar að undanförnu hefur stórskemmt stórt svæði við ströndina.

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur skrifar um fornminjarnar og missi þeirra á bloggi sínu í gær og er gagnrýninn. Hann vill meina að uppgröfturinn hafi afhjúpað minjarnar og þær hafi verið skildar eftir óvarðar. „Ef aldrei hefði verið ráðist í þessar aðgerðir þá hefðu þessar minjar varðveist í jörðu. Jörðin geymir best. Það er algjörlega á ábyrgð fornleifafræðinganna að þessar minjar spilltust og fóru í hafið," skrifar Haraldur.

Lilja Björk segir að skemmdirnar séu fjarri því bundnar við blettinn sem rannsóknin nær til. Skemmdirnar séu á svæðinu öllu og því séu fornminjar tapaðar sem eru órannsakaðar með öllu. „Þetta er á svo stóru svæði og vegna fjárskorts er það takmarkað sem hefur náðst að rannsaka minjar á ströndinni. Rannsóknir til þessa benda til að um verbúðir frá 15. öld sé að ræða, en við höfum þurft að velja hvar við berum niður. Við vitum hins vegar af minjum þarna úti um allt sem eru að brotna í sjóinn, og mikið er farið í þessum veðrum í vetur," segir Lilja Björk og bætir við að landrof á staðnum sé ein stærsta ástæðan fyrir því að ráðist var í uppgröft og rannsóknir á Gufuskálum til að byrja með. svavar@frettabladid.is



**STÓRSKEMMDAR MINJAR** Myndirnar sýna hvernig gengið var frá eftir að vinnu lauk 2013 og hvernig höllinn leit út eftir illviðrið. Allur neðri hluti hólsins upp í um meters hæð hefur brotnað af vegna ágangs sjávar, þ.á.m. sandpokar sem settir höfðu verið til varnar. Annað rof hefur einnig aukist. MYNDIR/FSÍ/ÞÓR MAGNÚSSON

### Hugsað sem björgunarrannsókn verminja

- Víkingaaldarminjar sem koma fyrst fyrir í ritheimildum árið 1274.
- Ein af stærstu verstöðvum landsins. Umfangsmiklar fiskveiðar fram á 18.öld.
- Búseta til miðrar 20. aldar.
- Landbrot gríðarlegt á svæðinu. Mjög virkt brot við ströndina. Mannvirki og mannvistarlög hafa horfið hratt á undanförnum árum. Vindrof 5 til 9 metrar á milli 1984 og 2013.
- Rannsóknin á Gufuskálum var hugsuð sem björgunarrannsókn verminja.
- Fjölmargir hlutir hafa þegar fundist á Gufuskálum sem hver og einn segir sína sögu. Má nefna hvalbein, taflmann, lýsislampa eða ausu, hníf, beinnálar og fleira smálegt.



**HARMÓNÍKUSPIL** Margt var um manninn í miðbæ Reykjavíkur í gær þegar landsmenn luku við síðustu verk sín fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikil jólastemning var á Laugavegi á Þorláksmessu í gær:

# Síðustu skref jólaundirbúnings

**JÓL Það var hátíðarstemning á Laugavegi í gær þegar vegfarendur luku við síðustu jólainnkaup sín. Margt var um manninn og mikið um að vera. Þessi jólasveinn og tónlistarmaður varð á vegi Ernis Eyjólfssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins, og létti lund stressaðra vegfarenda með harmonikkuspili.**

**Í dag eru flestar verslanir miðborgarinnar opnar frá tíu til tólf, fyrir þá sem eru á allra síðasta séns. Matvöruverslanir eru margar hverjar opnar lengur. Þá má sjá afgreiðslutíma helstu stofnana sem opnar eru yfir hátíðarnar á síðu 22.** - fbj

Útsending hefst klukkan sex:

# Aftansöngur verður í beinni

**TRÚ** Stöð 2 og Vísir munu sýna beint frá aftansöng úr Grafarvogskirkju í kvöld. Útsendingin hefst á slaginu 18.

„Þetta hefur mælst vel fyrir. Áhorfendur á Vísi hafa verið frá hátt í 40 mismunandi löndum og getað fengið jólastemninguna beint í æð," segir Gísli Berg, framleiðslustjóri Stöðvar 2. Egill Ólafsson og kór Grafarvogskirkju koma fram auk fleiri listamanna.

Útsendingin ætti að ganga vel fyrir sig en sami hópurinn er nú að senda út messuna í áttunda sinn í röð. - jhh

Farsæll endir á deilumáli:

# Caruso opnaði á nýjum stað

**VIÐSKIPTI** Veitingastaðurinn Caruso var opnaður í gær, Þorláksmessu, á nýjum stað í Austurstræti 22. Caruso neyddist til að loka í Þingholtsstræti 1 í síðustu viku eftir að leigusali hússins meinaði eigendum og starfsfólki Caruso aðgang að húsinu.

Staðurinn var opnaður í hádeginu og haft hefur verið samband við þá gesti sem áttu pantað borð eða gjafakort og geta þeir mætt á nýja staðinn. „Þetta er búið að vera hrikalega löng vika," sagði Þrúður Sjöfn Sigurðardóttir, eiginkona eiganda Caruso. - ktd






Varaformaður velferðarráðs telur talsmenn fatlaðra hafa misskilið breytingar:

# Ekki verið að skerða ferðafrelsi

**STJÓRNSÝSLA** Elín Sigurðardóttir, varaformaður velferðarráðs, segir að öryrkjar sem nýti yfir áttatíu ferðir á mánuði með ferðaþjónustu fatlaðra séu flestir í vinnu og hafi úr meiru að spila en örorkubótum.

En fram kom í fréttum Stöðvar 2 í fyrradag að fatlaðir sem fara áttatíu til hundrað ferðir með ferðaþjónustu fatlaðra horfi fram á að aksturskostnaður þeirra hækki um tugi þúsunda mánaðarlega vegna gjaldskrárhækkana hjá borginni.

Elín segir að talsmenn fatlaðra hafi misskilið breytingarnar og ekki standi til að vísa þeim á leigubíla geti þeir rökstutt þörf sína fyrir ferðir umfram lögboðið hámark.

Hún segir breytingarnar vera til þess að gæta jafnræðis.

Talsmenn öryrkja segja að það hindri ferðafrelsi þeirra að takmarka ferðirnar. Elín segist telja að ekki sé verið að skerða ferðafrelsi líkt og talsmenn fatlaðra haldi fram. Það sé markmiðið að fatlað fólk komist allra sinna ferða hindrunarlaust en stundum þurfi að taka erfiðar ákvarðanir eins og í þessu tilfelli. Þarna sé líka verið að auka þjónustu þannig að fólk geti pantað sér ferðir samdægurs og það megi segja að það auki ferðafrelsi. - þká



**BREYTINGAR** Talsmenn fatlaðra hafa gagnrýnt gjaldskrárbreytingar hjá borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72216 12/14




Jólin eru til þess að njóta þeirra. Með fjölskyldu og vinum, heima eða að heiman.
Icelandair sendir þér hugheilar jólakveðjur, sama hvar þú ert.

+ icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

## SVONA ERUM VIÐ



**38-41** **prósent þjóðarinnar gæddu sér í gær á skötu til hátíðarbrigða, ef eitthvað er að marka skoðanakannanir fjölmiðla síðustu árin.**

Ríkisskattstjóri hvetur umsækjendur til þess að taka sér góðan tíma í að staðfesta leiðréttinguna

# Hundruð manna staðfestu umsókn í gær

**EFNAHAGSMÁL** „Það er eiginlega kominn meiri kraftur í þetta en við áttum von á,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Umsækjendur gátu staðfest umsókn um niðurfellingu á höfuðstól húsnæðislána frá klukkan 13:14 í gær. Skúli Eggert segir að mjög fljótt hafi strax á annað hundrað manns verið búnir að samþykkja. Hnókrar voru í kerfinu strax eftir að fyrstu menn fóru að staðfesta. Starfsfólk frá Advania kannaði málið og reyndust hnökrarnir vera vegna álags.

Skúli segir að ferlið hafi gengið vel. „Þetta er flókið ferli,“ segir Skúli og ráðleggur fólki að gefa sér nægan tíma til að fara í gegnum það. Það sé mikilvægt að hafa í huga að samþykktarferlið er ekki búið fyrr en það kemur skjámynd sem merkt er kvittun.

Skúli Eggert segir að ferlið sé ekki síst flókið þar sem eru breyttar aðstæður hjá mörgum. Til dæmis breytt hjúskaparstaða, þar sem fólk hefur eignast aðra maka og eignast önnur heimili.

Skúli Eggert segir að um 88-89 prósent þeirra sem sóttu um leiðréttingu í upphafi geti staðfest. Verið sé að vinna í málum hinna. „Það tekur bara lengri tíma. Það eru flóknari tilfelli þar sem lánasöfn hafa verið keypt, bankar hætt starfsemi,“ segir hann. Aðstæður einstaklinganna spili ekki bara inn í heldur líka aðstæður fjármálastofnananna. **- jhh**



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Oddvitar ríkisstjórnarinnar kynntu niðurstöður leiðréttingarinnar á blaðamannafundi í Hörpu á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LEIÐIN RUDD** Tækin eru gagnrýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Áhyggjur á Vestfjörðum:

## Snjómokstur ekki boðlegur

**SAMGÖNGUR** „Sýnilegt er að tækjakostur Vegagerðarinnar annar engan veginn því álagi og snjómagni sem nú er,“ segir bæjarstjórn Vesturbyggðar sem „lýsir áhyggjum vegna þess ástands sem upp er komið í snjómokstursmálum á sunnanverðum Vestfjörðum“.

Bæjarstjórnin skorar á Vegagerðina að bæta tækjakost og fyrirkomulag snjómokstursins. „Einbreið leið er milli Bíldudals og Patreksfjarðar sem og frá Patreksfirði yfir á Barðaströnd. Þá er ekki hægt að treysta á að búið sé að ryðja leiðina milli þéttbýlisstaðanna snemma að morgni sem er óboðlegt.“ **- gar**

Gullmerki til Héraðsbúa:

## Litlu munar á launum kynja

**KJARAMÁL** Fljótsdalshérað hefur fengið gullmerki frá PWC fyrir mjög góða útkomu í könnun fyrirtækisins á kynbundnum launamun hjá sveitarfélaginu.

„Samkvæmt niðurstöðu jafnlaunaúttektarinnar eru laun kvenna [...] 1,5% hærri en grunnlaun karla, en heildarlaun karla eru 1,9% hærri en heildarlaun kvenna,“ segir í fundargerð bæjarráðs. Skýrsluhöfundar segja muninn innan skekkjumarka og gjaldgæft að svo lítill munur komi fram við fyrstu úttekt. **- gar**

# Illviðri tefja flutningaskip svo sólarhringum skiptir

Farmur hefur tapast af tveimur skipum Eimskips í vetur í illviðrum á siglingaleiðinni milli Íslands og Evrópu. Vistin um borð í skipunum hefur verið mjög erfið. Siglingartíminn lengist um sólarhringa vegna veðursins.



**DETTIFOSS** Skipið er 14.600 tonn og siglir stöðugt óháð veðri og vindum. MYND/EIMSKIP

**SAMGÖNGUR** Vörugámar hafa tapast af tveimur skipum Eimskips á siglingaleiðinni á milli Íslands og Evrópu að undanförnu. Sjómenn muna vart annað eins sjólag þar sem hvert illviðrið hefur rekið annað frá því í nóvember. Persónulegir munir, eins og búslóðir, hafa ekki tapast við óhöppin, er talið víst.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, segir að 20 tapaðir vörugámar segi aðeins söguna að litlu leyti hvað varðar þær aðstæður sem sjómenn á flutningaskipum á siglingaleiðinni eru að vinna við.

„Þetta er eiginlega búinn að vera hreinn hryllingur frá því í byrjun nóvember. Veturinn byrjaði með djúpum lægðum sem skiluðu hörðum austanáttum en lagðist svo í hina áttina. Niðurstaðan er sú að svæðið á milli Færeyja og Íslands hefur verið eins og sjóðandi nornapottur, eins og skipstjórnarmennirnir lýsa þessu,“ segir Ólafur og bætir við að ölduhæð hafi dögum saman verið tíu til tólf metrar – eða eins og reisuleg skrifstofubygging.

„Menn geta kannski gert sér í hugarlund þessar vinnuaðstæður þar sem útilokað er að sofa sólarhringum saman, en heilt yfir hafa skipin verið einum til tveimur sólarhringum lengur á leiðinni vegna þessara aðstæðna,“ segir Ólafur.

Það hafsvæði sem er sýnu verst viðureignar er þar sem gámarnir fóru í sjóinn af Dettifossi, eða 70 til 80 sjómílur norðaustur af Færeyjum. Annað skip Eimskips, Goðafoss, missti fyrr í þessum mánuði fjóra gáma í sjóinn á svipuðum stað. Ólafur segir að í tilfelli Goðafoss hafi engar persónulegar eignir fólks tapast, og talið að það sama eigi við um gámana 20 sem nú eru farnir veg allrar veraldar. Þó eigi eftir að ganga úr skugga um það með óyggjandi hætti þegar Dettifoss kemur til heimahafnar.

„Það sem er þó mest um vert er að engin slys hafa orðið á áhöfnum skipanna, en um borð í Goðafossi og Dettifossi eru 13 manns í áhöfn. Því má þakka hversu vel menn eru þjálfaðir og leggja ekki út í neina óvissu – eins og að senda menn út á dekk þegar aðstæður eru hvað erfiðastar. Betri menntun sjómanna, sem aðrar þjóðir líta til, hefur skilað því að alvarlegum slysum hefur fækkað. Það er nefnilega ekkert sjálfgefið að sigla hér á milli á vetrum eins og þessum og skila öllum heilum í höfn. Það má þakka reynslu þeirra og menntun, og erfitt fyrir fjölskyldur þessara manna að vita af þeim við vinnu í þessum aðstæðum,“ segir Ólafur.

**svavar@frettabladid.is**



**„Þetta er eiginlega búinn að vera hreinn hryllingur frá því í byrjun nóvember.**

*Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Friedrichshafen | 7° | New York | 15° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 6° | Orlando | 26° |
| Basel | 10° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | -1° |
| Berlín | 10° | Las Palmas | 22° | París | 11° |
| Billund | 7° | London | 12° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 10° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | -1° |




**Á MORGUN** Hægur vindur en 10-15 m/s á Snæfellsnesi.




**FÖSTUDAGUR** Yfirleitt hæg breytileg átt.

**GLEÐILEGA HÁTÍÐ!** Kuldi og hægviðri einkenna jólaveðrið í ár. Í dag verður hæg breytileg átt og kalt, yfirleitt léttskýjað S- og V-til en skýjað og stöku él N- og A-lands. Á morgun þykknar upp með snjókomu sunnan- og vestanlands.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hefur mörgum starfsmönnum fjármálafyrirtækja verið sagt upp frá hruni?
**2.** Hvað unnu Snæfellskonur marga af deildarleikjum sínum í körfubolta í ár?
**3.** Hvað voru mörg svínaræktarbú starfandi á landinu í lok árs 2013?

**SVÖR:**

**1.** Rúmlega tvö þúsund. **2.** 27 leiki af 28. **3.** 15.

Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna mikilvægt þróunarstarf í menntamálum:

# Sjávarútvegsskólanum þakkað

**MENNTAMÁL** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt ályktun þar sem framlag Sjávarútvegsskóla stofnunarinnar á Íslandi er þakkað. Viðurkenningin beinist einkum að framlagi skólans í þágu smárra eyþróunarríkja.

Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna er rekinn sem hluti af framlagi Íslands til þróunarmála og hefur verið starfræktur síðan 1998. Þar hafa um 300 sérfræðingar í sjávarútvegsmálum í þróunarlöndum hlotið sex mánaða þjálfun hérlendis og hafa yfir þúsund manns tekið þátt í námskeiðum sem skólinn hefur þróað og haldið í samstarfslöndunum.

Skólinn er rekinn samkvæmt þríhliða samningi Hafrannsóknastofnunar og utanríkisráðuneytisins við SÞ. Hafrannsóknastofnunin hefur umsjón með starfi skólans í samstarfi við Matís, HÍ og Háskólann á Akureyri. Einnig er samstarf við Háskólann á Hólum sem og fjölda innlendra sjávarútvegsfyrirtækja. - shá



**ÚTSKRIFT** 300 sérfræðingar hafa verið útskrifaðir frá upphafi. MYND/HAFRÓ

Kostar hættumat flóða:

# Ofanflóðasjóður nýtist víða

**ÖRYGGISMÁL** Heimilt verður að nota fé úr ofanflóðasjóði til að taka þátt í kostnaði við hættumat eldgosa, en um framlengingu þeirrar heimildar er að ræða með lagabreytingu frá Alþingi. Eins er nú heimilt að ráðstafa fé sjóðsins til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna vatnsflóða og sjávarflóða. Tilefnið er umbrotin í Bárðarbungu og Holuhrauni og mikilvægi þess að geta brugðist rétt við eldgosavá sem og annarri náttúruvá. - shá

# Ísland er að festa sig í sessi sem vinsæll áfangastaður á jólunum

Ferðamönnum sem koma til Íslands og dvelja hér á jólum fer fjölgandi segja markaðsstjórar Icelandair-hótela og Hótels Sögu. Ferðamennirnir koma víða að. Ferðaþjónustan býður upp á fjölbreyttari dagskrá og gestir fá mikla aðstoð við að skipuleggja tíma sinn á helgidögum.

**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Ferðamönnum sem dvelja á Íslandi um jólin hefur farið fjölgandi undanfarin ár. Ástæðan er helst rakin til aukins framboðs á flugi, einkum á milli Íslands og Bandaríkjanna.

Valgerður Ómarsdóttir, sölu- og markaðsstjóri á Hótel Sögu, segir að staðan sé mjög góð þar fyrir jólin og það sé töluverð aukning frá því í fyrra. „Jólin eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og komin flott nýting yfir jólahátíðina. Það er mikil breyting frá því fyrir tveimur árum. Það jókst töluvert í fyrra og svo enn meira í ár. Áramótin eru með hefðbundnu sniði. Þá er fullbókað og búið að vera það í töluverðan tíma,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið.

Valgerður segir að aukið framboð af flugi verði einfaldlega til þess að fólk komist frekar til landsins. „Það er heilmikil markaðssetning búin að eiga sér stað. Reykjavík er að markaðssetja sig sem jólaborg og ansi margt að eiga sér stað,“ segir hún. Ísland sé að komast á kortið sem jólaland.

Valgerður segir að ferðamennirnir komi víða að. Frá Bandaríkjunum og Evrópu en einnig frá Asíu. „Og sama um áramótin. Við erum með mikið af Norðurlandabúum, mikið af Bretum og svo líka með ansi marga Japana hjá okkur. Rússarnir hafa verið stór hópur en þeir eru að detta út núna, út af ástandinu hér,“ segir Valgerður. Rússar hafi alltaf verið sterkur hópur en hann sé núna eðlilega að minnka.

„Ferðaþjónustan er að bjóða upp á fjölbreyttari dagskrá þannig að þetta er að verða svolítið gott season hjá okkur, jól og áramót,“ segir Valgerður. Hún segir að gestir fái mikla aðstoð við að undirbúa tíma sinn hér á helgidögum. „Við ráðleggjum þeim að vera rosalega vel undirbúnir og vera búnir að bóka sínar ferðir og vera klárir í það því framboðið er minna en venjulega,“ segir hún.

Icelandair Group rekur þrjú hótel í Reykjavík. Það er Hilton, Reykjavík Natura og Reykjavík Marina. Hildur Ómarsdóttir, sölu- og markaðsstjóri, segir að bókunarstaðan sé góð hjá þeim fyrir jólin. Ívið betri en fyrri ár.

Aðspurð segir hún að að einhverju leyti megi þakka Íslandi allt árið þessa stöðu. „Veturinn er miklu betri núna en hann hefur verið. En það er ekki bara það. Það er svo margt annað og ég held að það sé nú fyrst og fremst að þakka því að Icelandair hefur lagt mjög mikið í markaðssetningu á Íslandi.



**VIÐ HALLGRÍMSKIRKJU** Fjölmargir ferðamenn leggja leið sína að Hallgrímskirkju með myndavélina með sér. FRÉTTABLAÐIÐ / ERNIR

## VINSÆLT AÐ SKOÐA NORÐURLJÓSIN

### ➜ Skoða hvali og Gullna hringinn



Gary Amy og Becky Amy eru frá Englandi og komu hingað til lands á mánudaginn. Gary segir að þau ætli að vera á Íslandi í viku og aðalmálið sé að njóta lífsins. Þau ætla að skoða norðurljósin, skoða hvali og fara Gullna hringinn. „Við hlökkum til alls,“ segir Becky aðspurð um það hvað þau hlakki mest til að gera. Gary segir að þau séu hér í fyrsta skipti.

### ➜ Verður í Reykjavík um áramótin



Ryan Donelly frá Ástralíu var einn að spóka sig á Lofti hosteli þegar Fréttablaðið hitti hann. „Ég verð hérna í tvær vikur,“ segir Ryan en hann kom hingað á mánudaginn. Hann ætlar að fara aftur þann 4. janúar.

Ryan var að skoða kort af landinu og átta sig á því hvert hann ætti að fara þegar Fréttablaðið talaði við hann. „Ég er að hugsa um að leigja bíl og fara á einhverja staði þar sem eru gistiheimili og skoða það sem er þess virði að skoða,“ segir hann. Hann muni keyra um landið í rúma viku. Svo ætlar hann að vera í Reykjavík um áramótin.

### ➜ Markmiðið að sjá norðurljósin



Matt og Kat Hellens eru frá Kent í Englandi og ætla að vera hér í fjóra daga. „Við ætlum að sjá norðurljósin í kvöld, fara síðan Gullna hringinn á morgun, á jóladag förum við svo í Bláa lónið og svo förum við heim daginn eftir,“ segir Matt í samtali við Fréttablaðið. Kat segir að þau hlakki til alls. „Við erum búin að hlakka til svo lengi,“ segir Kat og Matt tekur undir „Já, okkur hefur alltaf langað til að koma,“ segir hann.

### ➜ Fólkið hér vinalegt



Aileen Kelly and John Kelly frá Boston komu hingað til lands í gær. „Ég hef notið mín mjög vel. En ég hef ekki sofið lengi,“ segir John við Fréttablaðið. Hann segir að fólkið hérna sé mjög vinalegt og dásamlegt. Hann tekur það sérstaklega fram að hann sé mjög öruggur hérna á Íslandi. „Það er gaman að versla hérna og við ætlum að reyna að sjá norðurljósin í kvöld,“ segir Aileen. Þau Aileen og Kelly komu hingað til lands í fyrradag og fara aftur úr landi á föstudaginn.

### ➜ Ætla að halda sig í Reykjavík



Vinirnir Austin og Javier eru komnir alla leið hingað frá Hong Kong, en þeir lentu á mánudaginn. Þeir fara síðan aftur úr landi á jóladag. Þeir segja að þeir myndu gjarnan vilja fara út fyrir Reykjavík en þeir hafi ekki aðgang að bíl. Þeir fari því ekki langt.

Þeir verði því meira og minna í bænum. „Já, að mestu leyti. Við ætlum bara að ganga um borgina og kíkja á það sem okkur líst best á,“ segir Austin og Javier bætir því við að þeir ætli að taka mikið af myndum.

### ➜ Á Íslandi í annað sinn



Ricky og Carla Reese komu til landsins á mánudag, en þau eru frá Austin í Texas. Þau ætla að vera hérna til 6. janúar. „Við ætlum að leigja bíl og fara til Víkur á morgun. Svo ætlum við að fara lengra,“ segja þau. Þau ætla síðan að halda áfram.

„Við erum fyrst og fremst hérna til að skoða norðurljósin.“ Þau ætla svo að vera hérna í Reykjavík yfir áramótin og skoða Bláa lónið ef þau hafa tíma til. Ricky og Carla Reese hafa einu sinni áður komið til landsins.




Talaðu lengur við ástvini erlendis

Nýttu tækifærið á jóladag og gefðu þér tíma til að heyra í fólkinu þínu í útlöndum. Þá kosta símtöl úr íslenskum heimasíma í öll heima- og farsímanúmer erlendis **0 kr. til miðnættis.**

**Þú getur meira með Símanum**

ENNEMM / NM65733

Gildir þegar hringt er úr íslenskum heimasíma í öll erlend heima- og farsímanúmer.



**DYRHÓLAEY** Áfrýja töpuðu máli.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sátu hjá við áfrýjun:

## Minna fulltrúa á siðareglurnar

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihluti sveitarstjórnar Mýrdalshrepps segir óskiljanlegt að fulltrúar minnihluta M-listans hafi setið hjá þegar ákveðið var að áfrýja héraðsdómi um eignarrétt í Dyrahólaey til Hæstaréttar. Með dómnum var viðurkennd samtals 18,3 prósent eignarhlutdeild þriggja einstaklinga í Dyrhólaey. Meirihlutinn segir það vera skyldu kjörinna fulltrúa að gæta almannahagsmuna. „Í því sambandi bendir meirihluti sveitarstjórnar á sveitarstjórnarlög og siðareglur kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps.“

- gar






# Óljóst hver olli því að internet Norður-Kóreu lá niðri

Norður-Kórea hafði ekki aðgang að internetinu í um níu tíma í fyrrinótt. Einungis æðstu yfirmenn landsins hafa aðgang að internetinu vegna strangrar ritskoðunar. Spjótin beinast að Bandaríkjunum eða Kína.

**NORÐUR-KÓREA** Norður-Kórea missti internetaðgang sinn í um níu tíma aðfaranótt þriðjudags og átti í vandræðum í gærmorgun með að halda tengingunni við internetið. Orsökin virtist vera utanaðkomandi truflun sem ekki hefur fengist útskýring á.

Matthew Prince, formaður fyrirtækisins CloudFlare sem er internetöryggisfyrirtæki, sagði að það hefði verið sem allar leiðir að internetkerfi Norður-Kóreu hefðu horfið. „Það var eins og Norður-Kórea hefði verið þurrkuð út af internetheimskortinu.“ Prince sagði mögulegt að þetta væri verk einstaklings en sagðist ekki geta fullyrt hvort um árás hefði verið að ræða.

Spjótin beindust um leið að yfirvöldum í Bandaríkjunum en Norður-Kórea hefur átt í ritdeilum við Bandaríkin að undanförnu vegna kvikmyndarinnar The Interview sem kvikmyndaverið Sony Entertainment frumsýnir á jóladag. Vegna árása á tölvukerfi Sony, sem FBI hefur lýst yfir að hafi komið frá Norður-Kóreu, og vegna hótana tölvuþrjótanna gegn hverjum þeim sem myndi sjá myndina var hætt við sýningu hennar en í gær var ákveðið að henni yrði haldið til streitu.

Norður-Kórea hefur þvertekið fyrir að hafa átt aðild að tölvuárásinni á Sony. Barack Obama Bandaríkjaforseti leit árásina á Sony alvarlegum augum og gaf það út að Bandaríkin myndu bregðast við með einhverjum hætti. Talskona stjórnvalda vestanhafs sagði þó að almenningur yrði viðbragðanna ekki endilega var.

Dan Holden, sem er yfirmaður viðbragðsteymis internetöryggismála hjá Arbor Networks, segist telja það ólíklegt að Bandaríkin hafi staðið á bak við tímabundið internetleysi Norður-Kóreu. Hann teldi þetta einum of augljóst bragð.

„Þú myndir ekki vita af viðbrögðum frá Bandaríkjunum fyrr en það væri of seint. Þetta lítur ekki út fyrir að vera verk stjórnvalda.“

Kína liggur einnig undir grun en nær allur internetaðgangur Norður-Kóreu fer þar í gegn. Kína hefur neitað að hafa haft nokkuð með málið að gera.

Því hefur einnig verið velt upp hvort yfirvöld í Norður-Kóreu hafi af einhverjum ástæðum sjálf tekið upp á því að leggja niður aðgang að interneti sínu. Þá hafa hinir ýmsu hópar aðgerðasinna, á borð við Anonymus eða Lizard Squad, verið nefndir sem mögulegir orsakavaldar.

nanna@frettabladid.is



**NETLAUS** Norður-Kóreumenn voru netlausir í níu tíma aðfaranótt þriðjudags.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Hvernig er internetmálum háttað í Norður-Kóreu?

Fæstir Norður-Kóreubúar fundu fyrir því þegar lokað var fyrir internet landsins þar sem almenningur hefur takmarkaðan aðgang að því.

Í landinu er aðeins eitt IP-net með 1.024 IP-tölum. Mörg tæki geta tengst sömu IP-tölunni að vísu en þrátt fyrir það teljast Norður-Kóreubúar til þeirra þjóða sem hafa hvað minnstan aðgang að interneti í heiminum. Til samanburðar má nefna að hér á landi er RHnetið eitt og sér, en það er hið íslenska háskóla- og rannsóknarnet, með yfir 65 þúsund IP-tölur samkvæmt upplýsingum frá netstjóra ISNIC.

Internetið í Norður-Kóreu er einungis í boði fyrir fáa útvalda; æðstu stjórnendur, nokkra sendiherra, nemendur í herþjálfun og örfáa aðra. Jafnvel sendiráð í Pyongyang hafa verið látin takmarka internetaðgang sinn þar sem hætta er á að borgarbúar nái tengingu við veraldarvefinn með því að koma sér fyrir fyrir utan byggingar þeirra. Almenningur hefur hins vegar aðgang að sérstöku landlægu innra neti, „gervi-interneti“, sem kallast Kwangmyong. Þetta innra net hefur í mesta lagi um 5.500 vefsíður og fá notendur aðeins að sjá síður sem yfirvöld í landinu hafa ákveðið að leyfa þeim að sjá.




# GLEÐILEGA HÁTÍÐ






Ferskur íslenskur kalkúnn




## AFGREIÐSLUTÍMI 24.–27. DESEMBER

| | | SKEIFAN<br>EIÐISTORG<br>GARÐABÆR | SMÁRALIND | KRINGLAN | AKUREYRI | SPÖNGIN | HOLTA-<br>GARÐAR | NJARÐVÍK<br>BORGARNES<br>SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MIÐ | 24. DES | OPIÐ TIL 16 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 |
| FIM | 25. DES | LOKAÐ | lokað | lokað | lokað | lokað | lokað | lokað |
| FÖS | 26. DES | OPNAR 11 | lokað | lokað | lokað | lokað | lokað | lokað |
| LAU | 27. DES | 24 TÍMA | 11-19 | 11-19 | 11-24 | 11-20 | 11-19 | 11-18 |



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA




HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

Fjárveiting til tónlistarskóla:

## Veikindi valda aukaútgjöldum

**REYKJAVÍKURBORG** Tónskóli Eddu Borg og Tónskóli Hörpu hafa fengið samþykktar beiðnir sínar til Reykjavíkurborgar um framlag vegna langtímaveikinda kennara og stjórnenda.

„Reykjavíkurborg telur sér ekki skylt með samþykki þessarar tillögu að taka þátt í þessum kostnaði tónlistarskólanna sem er umfram umsamin framlög,“ undirstrikaði borgarráð. Framlagið er samtals ríflega 1,7 milljónir króna. - gar

Orkuveitan segir þýðingarlítið að gefa út spár um styrk brennsteinsvetnis:

## Vill undanþágu frá undanþágu

**UMHVERFISMÁL** Á meðan eldgosið í Holuhrauni stendur vill Orkuveita Reykjavíkur fá undanþágu frá skilmála í undanþágu sem fyrirtækið fékk vegna magns brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun.

Orkuveitan vill losna við að gefa út spár um styrk brennisteinsmengunar í andrúmslofti eins og fyrirtækið á að gera þegar útlit er fyrir að styrkurinn fari yfir tilkynningarmörk. Gasmengunin sem stafar frá gosinu í Holuhrauni er ekki brennisteinsvetni heldur brennisteinsdíoxíð.

Umhverfisráðuneytið segir OR telja að við þessar aðstæður geti upplýsingar um líklega útbreiðslu brennisteinsvetnis á áhrifasvæði verið misvísandi og að slíkar upplýsingar hafi takmarkaða þýðingu. Ráðuneytið hefur sent Umhverfisstofnun óskina til umsagnar. - gar



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Reynt er að hemja brennisteinsvetni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skipti hagnast á Glitnis-kröfu:

## Selja kröfu fyrir 2,6 milljarða

**VIÐSKIPTI** Fjarskiptafyrirtækið Skipti hf. hefur selt kröfu félagsins á hendur Glitni fyrir 2,6 milljarða króna. Hagnaður félagsins af sölunni nemur 305 milljónum króna.

Samkvæmt tilkynningu félagsins þá var krafan seld erlendri fjármálastofnun sem greiddi fyrir hana með reiðufé. Skipti lagði kröfuna á Glitni fram árið 2009 vegna framvirkra gengissamninga en hún var upphaflega færð til bókar á 9,5 milljarða króna. - hg

# Koma má í veg fyrir andlát fólks með stökkbreytingu í BRCA2-geni

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, telur að nýta eigi dulkóðuð gögn Íslenskrar erfðagreiningar til að upplýsa þá Íslendinga sem bera stökkbreytingu í BRCA2-geni. Deilt er um útfærslur þess að láta fólk vita hvort það sé arfberar. Salvör Nordal segir mikilvægt að farið sé varlega í að upplýsa fólk um áhættu. Kári tekur sterkt til orða: „Við látum ekki fólk deyja þegar við getum komið í veg fyrir það.“




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is


Þrjú hundruð Íslendingar, bæði karlar og konur, hafa fengið úr því skorið að þeir beri stökkbreytinguna og Vigdís Stefánsdóttir hjá erfðaráðgjöf LSH segir flesta þá sem koma til ráðgjafar vita af fjölskyldusögu um krabbamein og því þurfi ekki sérstaklega að aðvara þá. „Það hafa allir rétt á upplýsingunum. Þeir eiga að fá að vita sem vilja. En það er ekki hlutverk heilbrigðisstofnunar að leita uppi fólk með sjúkdóma,“ segir Vigdís.

### Þarf ekki að vara alla við

Salvör Nordal segir að það þurfi að líta til þess að þó að hægt sé að persónugreina 2.400 einstaklinga sem kunni að hafa stökkbreytinguna þurfi þessir einstaklingar að fara í sérstakt erfðapróf til að fá örugga niðurstöðu. „Eins og kom fram hjá Vigdísi í viðtali við Fréttablaðið nýverið er líklegt að flestir þeir sem eru í fjölskyldum þar sem áhættan á brjóstakrabbameini er mikil geri sér grein fyrir því að þeir kunni að vera í aukinni áhættu og því þurfi ekki sérstaklega að aðvara þá. Í öðru lagi er mikilvægt að við séum búin að hugsa til enda áður en 2.400 einstaklingum er tilkynnt að þeir kunni að hafa stökkbreytinguna og hvernig við ætlum að bregðast við. Við verðum til að mynda að spyrja hvort við getum gert nauðsynlega erfðaprófið strax, veitt viðkomandi nauðsynlega erfðaráðgjöf og eftirfylgni sé þess óskað.“

### Hættan er hin sama hjá öllum

Kári segir það mikinn misskilning hjá Vigdísi og Salvöru að fólk með stökkbreytingar í þessum genum sem eru í fjölskyldum þar sem margir hafa fengið krabbamein viti að þeir séu í hættu, auk þess sé það ekki rétt að heilbrigðisstofnun eigi ekki að leita uppi fólk með sjúkdóma.

„Heilbrigðiskerfi um allan heim eru farin snúast úr því að vera inngrip í það að byggja á forvörnum. Það er gefið í skyn að þeir sem eru í fjölskyldum þar sem ekki hefur verið mikið krabbamein séu ekki í eins mikilli hættu. Það er bara bull vegna þess að hættan er hin sama hjá öllum.

Hvers vegna höfum við ekki samband við þetta fólk, vörum það við svo við getum bjargað lífi þeirra? Hún Vigdís segir þér að það séu 300 manns sem í hafi fundist stökkbreytingar í BRC2-geni. Staðreyndin er sú að við búum að því að við gætum fundið alla þá 2.400 sem kunna að hafa þessa stökkbreytingu bara með því að ýta á einn takka.“



**DEILUR UM GAGNAGRUNN** Kári Stefánsson segist halda að andstaða við að miðla upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni eigi rætur í deilum um hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SALVÖR NORDAL**

### 80% líkur á krabbameini

Kári útskýrir frekar hvers vegna ekki er hægt að meta hættuna í einstökum fjölskyldum. „Við höfum ekki tölfræðilega getu til þess. Allir þeir sem eru með þessa stökkbreytingu eru með 80% líkur á krabbameini.“ Hann segir skerðingu á lífsgæðum arfbera geta verið mikla og því mikið í húfi.

### Þeir sem vilja vita fari í próf

Salvör er spurð að því hvort það réttlæti ekki upplýsingagjöf til arfbera þegar líkur á banvænu krabbameini minnka úr 80% í 5% við forvarnaraðgerðir. Hún segir mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að það geti fengið þessar upplýsingar ef það óskar eftir þeim. „Ég fagna því allri opinberri umræðu um þessi mál því hún er nauðsynleg til að upplýsa almenning um hvert hann geti leitað og hvaða úrræði eru möguleg. Ég held að ekkert standi í vegi fyrir því að þeir sem vilja fara í erfðapróf og fá staðfest hvort þeir hafa BRCA eða ekki geti fengið að fara í slík próf.“

Hún segir siðfræði samtímans leggja mikið upp úr sjálfræði einstaklinga. „Reynslan hefur sýnt að ekki vilja allir, sem eru í fjölskyldum þar sem áhætta er mikil, fá upplýsingar um hvort þeir beri genið og að þeir vilja ráða því sjálfir hvenær þeir fá upplýsingarnar. Það að vera í aukinni áhættu segir ekki til um hvenær fólk fær sjúkdóminn eða jafnvel ekki hvort það fær hann. Það geta verið mjög réttmætar ástæður fyrir því að vilja ekki vita eða vilja fresta því að fá svona upplýsingar, t.d. þegar um er að ræða ungar konur sem hyggja á barneignir eða eru jafnvel með barn á brjósti. Aðrir geta verið að glíma við önnur veikindi eða erfiðleika í lífinu og kjósa af þeim sökum að nýta sér réttinn til að vita ekki. Í öllu falli er hér ekki um að ræða rétt til að lifa í vanþekkingu heldur rétt til að hafna því að fá tilteknar upplýsingar á tilteknum tíma.“

### Getum ekki látið fólk deyja

Kára finnst málflutningur þeirra sem vilja fyrst og fremst virða rétt fólks til að vita ekki skrítinn.

„Þetta er feikilega gott fólk sem vill vel. Ég hef stundum í tilfinningahita út af þessu máli sagt hluti sem benda til þess að mér finnist annað. En það er ekki rétt. En ég held að það hafi slegið saman vírum hjá því vegna þess að við látum ekki fólk deyja þegar við getum komið í veg fyrir það. Ekki ein einasta kona með þessa stökkbreytingu hefði ekki viljað vitað þetta fyrir til að koma í veg fyrir krabbamein. Það má vel vera að einstaka kona myndi segja nei við því í dag. En hún myndi sjá eftir því væri hún að bíða dauðans.“

### Brjóstnám ekki án áhættu

Salvör segir þá sem starfa hjá Siðfræðistofnun hafa talað fyrir því að farið sé varlega í þessum efnum og réttur fólks bæði til að vita og vita ekki sé virtur. „Mikilvægt er að gera fólki kleift að fá þessar upplýsingar í gegnum heilbrigðiskerfið þar sem ráðgjöf er til staðar fremur en að þær séu sendar beint til þeirra. Einnig ber að líta til þess að brjóstnám er mikið inngrip í sjálfu sér og ekki án áhættu. Þá má ekki gleyma því að þekkingu og aðferðum í læknisfræði fleygir fram og mögulega verða komnar nýjar og betri leiðir en brjóstnám til að bregðast við þessari áhættu eftir einhver ár.“

> **Ekki ein einasta kona með þessa stökkbreytingu hefði ekki viljað vitað þetta fyrir til að koma í veg fyrir krabbamein.**
> *Kári Stefánsson*

### Eigum að virða líf fólks

Kári segist telja deilur um miðlægan gagnagrunn skýra andstöðu gegn því að miðla upplýsingum til fólks. „Við eigum að eiga greiðari aðgang að hjartanu okkar. Við eigum að geta brugðist við af meiri væntumþykju og virðingu við líf fólks.“




EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

Hættum að tilheyra sinnulausa meirihlutanum:

# Ekki geta allir haldið gleðileg jól

Í kvöld höldum við jólin hátíðleg. Það skiptir ekki máli hvort við gerum það vegna fæðingar frelsarans, sigurs ljóssins yfir myrkrinu (í eiginlegri eða óeiginlegri merkingu) eða einfaldlega vegna þess að það er hefð, burtséð frá því hvaðan hún kemur. Fyrst og fremst er það samveran, hátíðleikinn og hlýjan sem gera jólin að því sem þau eru.

En það eiga ekki allir gleðileg jól og hafa fjölmiðlar undanfarið greint frá þeim sem ekki hafa efni á að halda jólin með mannsæmandi hætti. Fréttaskýringaþátturinn Brestir sagði í desember frá neyð þeirra sem lítið hafa milli handanna fyrir jólin. Hjálparsíður á Facebook eru stútfullar af beiðnum um aðstoð frá einstaklingum og fjölskyldum sem hafa ekki efni á því að fæða sig og klæða. „Það eru foreldrar að svelta sig til að eiga mat fyrir börnin,“ segir umsjónarmaður slíkrar síðu. Fréttablaðið greindi einnig frá því í gær að Hjálpræðisherinn, sem býður þeim sem ekki eiga í önnur hús að venda eða vilja ekki vera einir, í hátíðarkvöldverð á aðfangadagskvöld, hafi sprengt utan af sér húsnæðið. Þá er Konukot, næturathvarf fyrir heimilislausar konur, Gistiskýlið, athvarf fyrir heimilislausa karla, Kaffistofa Samhjálpar, Dagsetrið og fleiri staðir að undirbúa sína hátíðarstarfsemi fyrir þá sem á þurfa að halda.



**Fanney Birna Jónsdóttir**

fanney@frettabladid.is

Svona fréttir eru oft óvelkomnar í desember. Eftir allt þá vill fólk ekki eyðileggja jólastemminguna með samviskubiti yfir bágindum annarra. Vonandi verður það til þess að einhverjir láti sitt af höndum rakna til að bæta hag þeirra sem minnst mega sín en langalgengastur er þó meirihlutinn sem fær sína friðþægingu úr því að frjáls félagasamtök séu að sinna vandamálinu. Og satt er að félagasamtök og einstaklingar hafa unnið þrekvirki til að gera líf þessa fólks bærilegra yfir hátíðarnar. Svo mikið að auðvelt er að réttlæta sinnuleysið og gleyma því að við búum í þjóðfélagi þar sem okkar minnstu bræður geta ekki haldið mannsæmandi jól.

Í kvöld á að vera hátíð ljóss og friðar, tími náungakærleiks og alls þess besta sem býr í okkur. Sinnuleysi gagnvart fólki í neyð gengur ekki einungis gegn öllu sem við kennum börnunum okkar um jólahátíðina heldur er einnig dæmi um hið óæskilega sem býr í mannskepnunni; sjálfselsku, eigingirni og skort á hluttekningu. Allt tilfinningar sem eiga að vera úti í kuldanum um jólin. Það ætti að vera markmið okkar flestra að hætta að tilheyra hinum sinnulausa meirihluta og leggja okkar af mörkum til að tryggja að allir geti haldið jól. Þannig að í kvöld þegar við sitjum í forréttindum okkar, vel mett af kræsingum og tökum á móti dýrum gjöfum frá ástvinum okkar þá væri ekki úr vegi að hugsa til þeirra sem minna mega sín. Til þeirra sem hafa þurft að svelta sig til að eiga fyrir málamyndagjöfum og mat í kvöld. Til þeirra sem þurfa að leita á náðir ókunnugra til að geta yfirhöfuð haldið daginn hátíðlegan. Og vonandi verður það til þess að um næstu jól muni aðeins fleiri láta sig þennan hóp varða, annaðhvort í formi fjárframlaga, vinnu eða annarra góðverka. Því jólin verða aldrei hátíð kærleika, ljóss og friðar ef öllum gefst ekki tækifæri til að njóta þess. Hugsum um það í kvöld.

***Fréttablaðið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla!***

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alvörujólasveinar og ekki

Þeir sem taka að sér hlutverk jólasveinsins verða að vanda til verka. Það var á jólaballi fyrir drjúgt löngu sem ungur drengur efaðist strax um uppruna jólasveinanna sem áttu að vera hrókar alls fagnaðar. Hann kom efasemdum sínum ákveðið á framfæri við föður sinn, sem reyndi hvað hann gat til að fá barnið ofan af þessari skoðun. Rökræður feðganna ágerðust. Báðir fundu svör við athugasemdum hvor annars. Sonur einlæg, faðirinn ekki. Að því kom að sonur spilaði út síðasta trompinu. Hann sagði stundarhátt: „Pabbi, jólasveinar eru ekki í adidassokkum.“ Þar með féllu frekari samræður um málið niður.



### Hlutverk jólasveinsins

Það er alvörumál að taka sér hlutverk jólasveins og þau sem það gera verða að standast kröfur. Verða að kunna jólalög og ekki síst að kunna að klæðast jólasveinabúningi. Ekki er leggjandi á börn og fullorðna að horfa upp á illa tilhafðan jólasvein. Skeggið verður að vera gott, búningurinn trúverðugur, léttleikinn verður að vera til staðar. Eins og sagt var frá hér til hliðar má alls ekki klæðast adidassokkum eða öðrum þeim fötum sem fást í næstu búð. Engin vörumerki mega sjást. Gera ætti kröfur um jólasveinapróf, og þau sem ekki standast það fái ekki að vera í hlutverki jólasveins.

### Frændi forsetans

Vinsælastur allra í Noregi er Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins í handbolta. Á Vísi er haft eftir Camillu Herrem, leikmanni liðsins, að Þórir viti nákvæmlega hvað hann eigi að segja við leikmenn liðsins og að hún fái stundum gæsahúð við að hlusta á hann. „Hann veit hvað hann á að segja upp á hár. Þórir hefur verið í þessu mjög lengi og það er enginn betri en hann í að halda rónni þegar mikið liggur við. Það gerir hann einstaklega vel.“ Þórir og Ólafur Ragnar Grímsson eru bræðrasynir, og ætla má að ræðusnilldin sé ættgeng.



sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# MONRAD 2014

HEILBRIGÐISMÁL



**Lýður Árnason**
læknir í Laugarási og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Verkfallshrinu lækna er nýlokið, samningar ekki í sjónmáli og enn harðari aðgerðir í bígerð. Sérfræðilæknar Landspítalans eru þegar farnir að segja upp og búast má við uppsagnahrinu um áramótin. Útlitið er því ekki glæsilegt. Það sem gerir þessa kjaradeilu sérlega snúna er sú staðreynd að læknar hafa annan kost. Í hverri viku býðst mér starf í útlöndum til lengri eða skemmri tíma, laun fyrir dagvinnu þrefalt hærri og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Slík gylliboð eru ekki ný af nálinni, þau hafa tíðkast um árabil en nú er komið los á mannskapinn og ástæðurnar tel ég þessar:

1. Þjóðin lítur á heilbrigðisþjónustu sem sjálfsagðan hlut, alltaf, alls staðar, í hæsta gæðaflokki og ókeypis. Birtingarmynd þessa er stóraukin aðsókn með aukinni eftirspurn eftir sjúkdómum og lyfjaneyslu á heimsmælikvarða. Þetta veldur ofurálagi á heilbrigðisstarfsfólk og kostnaði sem enginn gerir ráð fyrir né vill greiða.
2. Sameining heilbrigðisstofnana hefur ekki gengið sem skyldi. Einn hattur á öllu hefur leitt til miðstýringar og samþjöppunar valds, fækkað starfsstöðvum og dregið úr starfsvali heilbrigðisstétta og búsetumöguleikum. Hún hefur líka orðið þess valdandi að gripið er fyrr til dýrari meðferðarúrræða og fólkið í landinu á ekki lengur sitt athvarf heldur rekst um kerfið eftirlitslaust.
3. Íslensk stjórnvöld og margir forvígismenn heilbrigðiskerfisins, eru eins og danski forsætisráðherrann Monrad í Slésvíkurstríðinu 1864, lausir við öll raunveruleikatengsl, eru enn að bera sig saman við þjóðir sem standa okkur langtum framar og reka í ofanálag gegndarlausan áróður fyrir nýrri spítalabyggingu sem auka mun vandann.
4. Eftir bankahrunið áttu margir von á breyttu gildismati og lýðræðisumbótum. Það virðist ekki í sjónmáli og enn horfa landsmenn á kennitöluflakkara vaða uppi, auðlindaarðinn renna í vasa örfárra og Fjórflokkinn bera blak af þessu öllu saman. Ei furða þótt áhugi á samfélagslegri þátttöku sé í lágmarki og þeir sem eygja aðra kosti hugsi sinn gang.

Langvarandi álag þreytir menn, líka lækna. Þeir brenna út, leita út eða deyja út. Og nú er svo komið að heill heilbrigðiskerfisins veltur á tiltölulega fámennum hópi. En það er ekki hans að bera samfélagið á herðum sér, ábyrgðin er stjórnvalda og þeirra hlutverk að þétta í raðirnar sem fyrst. Kjarabarátta lækna er í raun sterkt ákall til samfélagsins um breytt gildismat og ráðherra hefur tvo kosti. Annars vegar að semja við lækna og fá þjóðina í lið með sér, hins vegar að flytja inn lækna sem minna þurfa við. Það var gert í fiskvinnslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Íslenski bóndinn og mannanafnanefnd

LANDBÚNAÐUR



Finnur Árnason
forstjóri Haga

Ég man eftir gamalli frétt, þegar pabbi einn í Bítlaborginni skírði son sinn nöfnum allra leikmanna Liverpool. Það var langt nafn. Þeir höfðu víst unnið einhvern titil. Velti þá fyrir mér hvort það væri engin mannanafnanefnd í Englandi? En við á Íslandi erum sérfræðingar í að hafa vit fyrir öðru fólki. Höfum meira að segja nefnd sem ákveður hvað annarra manna börn mega ekki heita.

Hér er líka fólk við stjórnvölinn, sem vill ráða því hvað annað fólk borðar. Innfluttur matur er skattlagður þangað til hann verður vondur á bragðið.

Sagt er að útlendur matur sé óhollur og því velt upp hvort fólk geti tekið stökkbreytingum við það eitt að borða innfluttar matvörur. Stjórnvöld vilja að þú borðir það sem Þórður bóndi framleiðir, já eða Guðríður, hvort sem það er gott eða vont, dýrt eða ódýrt. Þórður og Guðríður eru örugglega flottir bændur, en þú mátt ekki hafa valkosti, né skoðun á því hvað er best fyrir þig. Þínu eigin sjálfsaflafé skaltu verja á þann hátt sem stjórnvöld ákveða. Allt í nafni matvælaöryggis, þar sem meira en tvö kíló af innfluttu korni þarf til framleiðslu á einu kílói af heimabrugguðum kjúklingi.

Þó kemur það fyrir að útlenskt smjör er í lagi. Sérstaklega ef það er framleitt af Patreki á Írlandi fyrir þá sem stýra íslenska kerfinu og er blandað út í íslenskar vörur án þess að það komi sérstaklega fram á umbúðum, að innihaldi erlent smjör. Líklega er óþarfi að neytendur átti sig á því að Írar geta framleitt smjör sem er jafngott því íslenska.

Það fyrirkomulag sem meirihluti þingmanna hefur valið fyrir okkur í þessum málum kostar heimilin yfir 15 milljarða króna árlega. Þingmenn segja að það sé til þess að vernda íslenska bóndann, líklega Þórð og Guðríði. Mannanafnanefnd gerði líklega engar athugasemdir þegar þau voru skírð.

### Bændur í skattaskjólum

Það kom mér því á óvart, þegar frétt birtist í Viðskiptablaðinu nýlega þar sem fram kom að eigandi eins stærsta kjúklingaframleiðenda á landinu væri Coldrock Investments Limited. Af þessu má skilja að stærsti íslenski kjúklingabóndinn heiti Coldrock Investments Limited. Það er ekki íslenskt nafn og hefði líklega aldrei verið heimilað hjá mannanafnanefnd að bóndi héti þessu nafni. Þessi íslenski bóndi sem Alþingi sér um að verja með óhóflegri skattlagningu á almenning heitir það nú víst samt. Það sem vakti ekki síður athygli mína í þessari frétt var að þessi íslenski bóndi býr víst ekki lengur í Biskupstungum, né heldur í Eyjafirði. Hann er fluttur til Möltu í svokallað skattskjól.

Því er eðlilegt að spurt sé: Getur verið að kerfið sem kostar íslenska neytendur yfir 15 milljarða árlega sé til þess eins að vernda bændur í skattaskjólum? Getur virkilega verið að meirihluti Alþingis verji svo þrönga sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna?

**➜ Stjórnvöld vilja að þú borðir það sem Þórður bóndi framleiðir, já eða Guðríður, hvort sem það er gott eða vont, dýrt eða ódýrt.**

Trúverðugleiki þingmanns sem talar um hag heimilanna en styður fyrirkomulag sem þetta í landbúnaðarmálum er enginn. Það er kominn tími á breytingar. Þingmenn sem styðja óbreytt kerfi eru allir í sama flokknum, FAN flokknum, flokki andstæðinga neytenda.

# Gleðilega sól !

SÓLSTÖÐUR



Lárus Jón Guðmundsson
verkefnisstjóri

Norrænir forfeður Íslendinga tignuðu sín goð og héldu sín jólablót fram til ársins 1000 þegar Alþing ákvað að taka upp nýjan sið, kristni, sem þótti taka hinum eldri fram. Það voru siðaskipti hin fyrri.

Kristnin með sín Jesújól hefur nú runnið sín þúsund ár og fram undan eru siðaskipti hin síðari. Rétt eins og þau fyrri hafa þessi síðari siðaskipti verið að gerast á nokkrum áratugum og jafnvel öldum.

Á þröskuldi nýs árþúsunds er það raunsæ og óhlutdræg rödd skynsemi og skilnings á manni og náttúru, frá hinu smæsta til hins stærsta, sem verður einkenni hins nýja siðar.

Í árdaga mannkyns, löngu fyrir tíma þeirra trúarbragða sem nú vilja eigna sér öll svör, tóku athugulir og skynsamir menn og konur eftir því að gangur sólar, tungls og stjarna laut ákveðnum lögmálum. Tveir tímapunktar ársins urðu vörður á leið mannkyns til siðmenningar, sólstöður á sumri og vetri. Sólstöður á vetri urðu, eðli málsins samkvæmt, tilefni til einlægs fagnaðar því þá tók daginn að lengja og fyrirheit vorsins um fæðu og frjósemi urðu raunverulegri. Við nútímamenn njótum þess forskots á þessa skynsömu forfeður okkar að gangur himintungla og orsök árstíðaskipta eru ekki hulin neinum leyndarhjúpi. Því er engin þörf á neins konar tákngervingu eða trúarhjúpi á þessum árlegu og gleðilegu tímamótum sólargangsins. Við getum einfaldlega fagnað á einlægan og ærlegan máta að vegna möndulhalla jarðar og stöðu hnattarins á sporbaug um sólu eru bjartari og hlýrri dagar fram undan.

Því ætti kveðjan á þessum myrkasta tíma ársins að vera há og snjöll: *Gleðilega sól!*

**➜ Við nútímamenn njótum þess forskots á þessa skynsömu forfeður okkar að gangur himintungla og orsök árstíðaskipta eru ekki hulin neinum leyndarhjúpi.**




Gleðilega hátíð
BLUE LAGOON
ICELAND





**TUNGLSETUR** Fred Schalk á myndina í 2. sæti



**JÓLASLEÐAFERÐ** Iðunn Silja Svansdóttir á myndina í 3. sæti.



**JÓLASNJÓR** Birkir Pétursson á myndina 4. sæti.



**VOÐMÚLASTAÐAKAPELLA** Jón Sigurðsson á myndina sem valin var vinsælasta myndin af lesendum Fréttablaðsins og Vísi.

# Gerir dagatal með jólamyndum

Ljósmyndin Ævintýraskógur sem **Kristín Valdemarsdóttir** sendi inn í jólaljósmyndasamkeppni Vísis og Fréttablaðsins var valin sú besta af lesendum og dómnefnd. Ljósmyndin er hluti af jóladagatali sem Kristín býr til árlega í desembermánuði.

Sigurmynd Kristínar Valdemarsdóttur heitir Ævintýraskógur og er af dóttur hennar, Karólínu Ágústsdóttur, sem er sex ára. Kristín lenti í þriðja sæti í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins í fyrra en sú mynd var af báðum dætrum hennar.

„Þær eru voða duglegar að sitja fyrir. Fyrir þessa myndatöku lét ég sauma rauðhettuslár á þær úr gömlu stofugardínunum hennar mömmu. Mér fannst svo jólalegt að hafa rauða slá í snjónum og fann svo fallegan stað í Heiðmörk þar sem snjórinn lá ofan á trjánum í byrjun desember," segir Kristín sem hefur gaman af því að stilla upp fyrir myndatökur og er oft lengi að undirbúa þær. „Ég hef síðastliðin tvö ár verið með jólamyndadagatal í desember og birti eina mynd á dag á Facebook og blogginu mínu. Jóladagatalið er mín leið til að fá útrás fyrir ljósmyndaáhugann."

Kristín er íþróttakennari í Varmárskóla og er ljósmyndun eingöngu áhugamál. „Ég viðurkenni að ég bý til svolitla pressu á mig í desember. Ofan á allan jólaundirbúning og vinnu þá er ég á fullu í að finna flotta staði, leikmuni og þróa hugmyndir. En það er svo skemmtilegt og orðið hluti af jólaundirbúningnum."



> **Mér fannst svo jólalegt að hafa rauða slá í snjónum og fann svo fallegan stað í Heiðmörk þar sem snjórinn lá ofan á trjánum í byrjun desember,**
>
> *Kristín Valdemarsdóttir, sigurvegari í jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins*

Þátttakendur í samkeppninni hlóðu upp myndum sínum á vef Vísis. Þar gátu lesendur kosið myndir og hafði dómnefnd keppninnar kosninguna til hliðsjónar. Dómnefndin var skipuð þeim Pjetri Sigurðssyni og Stefáni Karlssyni, ljósmyndurum Fréttablaðsins, Silju Ástþórsdóttur útlitshönnuði og Andra Ólafssyni aðstoðarfréttastjóra.




**ÆVINTÝRASKÓGUR** Mynd Kristínar Valdimarsdóttur þykir sú besta sem send var inn í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins og Vísis.

**VERÐLAUNIN** Í verðlaun fyrir bestu myndina hlýtur Kristín glæsilega Nikon 1S1 myndavél frá Heimilistækjum.

# SAFFRAN ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA





**Nú getur þú pantað með Saffran appinu**

**Lokað 24.–26. des., 31. des. og 1. jan.**
Opið alla aðra daga 11–22

SAFFRAN

Glæsibæ • Bíldshöfða • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni • **Skoðaðu matseðilinn á saffran.is**



MYND: HALLDÓR BALDURSSON

# Hvar eru jólin?

Jólasaga eftir Diddu

Fyrir fimmtán árum fæddi ég yngri son minn á aðfangadagskveldi á Bræðraborgarstíg 13, viðstaddar voru tvær ljósmæður, tvær vinkonur, mamma mín og eldri sonur minn, þá níu ára, ein síamskisa sem var í pössun hjá mér og inni í stofunni píptu kanarífuglar í búri sínu. (Gleðileg jól, öllsömul.)

Af hverju ég lét aka mér heim til mín til að fæða veit ég ein, alla vega fékk ég mínu framgengt og urraði bara að ég vildi komast heim þegar mér var ekið fram hjá fæðingardeildinni á leiðinni úr Kópavogi vestur í bæ. Sjálfsagt er fyrir þá sem nenna að hafa skoðanir á því hversu skynsamlegt það var af mér, einstæðri að bæta á mig barni að annast um, lífið er stundum algjörlega laust við skynsemi og kannski bara sem betur fer, annars væru ekki svona margir á ferðinni í dag til að hugsa um og það er reynsla mín að helmingur mannkynsins hefur sterka tilhneigingu til þess að hugsa um hinn helminginn hvað sem gengur á.

Nema ég var búin að plana heimafæðingu lauslega, var með símanúmer hjá ljósmóður sem brást svo fallega við þegar ég hringdi til hennar másandi milli hríða, vegna þess að eiginmaður hennar og systir eiga líka afmæli á þessum góða degi, þannig að mér leið ekki eins og að ég væri að trufla hana of mikið þó svo ég tæki hana frá fjölskyldu sinni í miðjum hátíðarmatnum.

Fæðingin gekk fljótt og vel fyrir sig, það er ekki ólíklegt að ég hafi verið extra dugleg sjálf vegna nærveru fólksins og þá sérstaklega eldri sonarins sem reyndi staðfastur að halda jólunum gangandi með því að einbeita sér að því að opna gjafirnar inni í stofu. Og það var meira en sérstakt að hafa nýburann sinn í fanginu og taka upp gjöfina frá þeim eldri, sem var teiknuð ástaryfirlýsing: Ég elska þig MAMMA, inní stóru hjarta með öðrum litlum í kring. Auðvitað er þessi mynd ein af dýrgripunum mínum ásamt annarri teikningu sem er eftir þann yngri og hann gaf mér fyrir tæpum fimm árum þar sem hann heldur utan um mig undir stóru hjarta og sömu yfirlýsingu: Ég elska þig MAMMA. En þá var ég ekki að eignast annað barn heldur að glíma við veikindin sem ég er enn að glíma við, en það er önnur saga og leiðinlegri. Ég hef aldrei séð eftir því að hafa leyft eldri syni mínum að vera viðstaddur fæðingu bróður síns, enda skildi hann strax að svona litla og viðkvæma veru þyrfti að passa vel og honum datt engin betri í hug en ég til þess að sinna því hlutverki svo að ég hafði hans skilning mín megin frá og með þeirri stundu að hann hélt á bróður sínum á meðan ég fæddi fylgjuna.

Ári síðar hafði mér tekist að bjóða pabba hans hingað til þess að skrifa undir faðernispappíra og hélt nafnaveislu á hinum eina og sanna fæðingardegi, þar sem íbúðin fylltist af fullorðnu fólki og ég trúði því andartak að allt þetta fólk væri þorpið okkar og að við værum partur af hópnum þrátt fyrir að hafa stolið aðalpakkadegi ársins.

Ég hafði ekki rétt fyrir mér, hefðirnar eru sterkari og ég varð að skilja að öðrum þætti ekki eins mikið til afkvæmis míns koma og mér sjálfri, svo að ég hef oftar en ekki lánað honum minn afmælisdag til hátíðarhalda og þegar honum fór að finnast það asnalegt þá hættum við því og höfum bara hagað seglum eftir vindi og boðið hvern sem er velkominn í tilefni dagsins og hann fær að skipuleggja skemmtun með vinum sínum.

Ég hefði ekki trúað því að óreyndu að þessi dagsetning gæti flækt framtíðina, en þið sem deilið þessum degi með honum hér á Íslandi vitið sjálfsagt vel hvað ég er að tala um. Það er flókið fyrir fimm ára að skilja að enginn má vera að því að koma í afmælið þitt af því sumir eru uppteknir við að halda upp á afmæli annars stráks frá Nasaret eða verða að framkvæma sín ritúöl svo ljósið komist fyrir í myrkasta skammdeginu, en núna á 15da aðfangadeginum skilur hann alla betur og finnst bara fallegt að hugsa til þess að svona mörgum líði jafnvel vel á þessum degi og séu vænir hver við annan.

Árin sem hafa liðið eru ekki búin að vera auðveld eða einföld, oft erfið og stundum hrikaleg og hann hefur fengið að finna fyrir því að vera sonur mömmu sinnar og uppskorið meiri fordóma vegna mín, heldur en að eiga föður sem er frá Jamaíku. Og það eru sennilegast hin jákvæðustu merki á voru samfélagi að húðlitur er ekki eins mikið tabú þó svo að seint fyrirgefist kvenmanni að fara sínar eigin leiðir þó hún sé ekki að reyna mikið meira en að komast af. Á þessum 15 árum hefur hann flutt níu sinnum og búið lengst þar sem við erum núna eða þrjú ár (gleðileg jól, Félagsbústaðir!). Þess má geta að eldri bróðir hans hefur flutt nítján sinnum og ég nokkuð oftar, blessað basl þetta líf og best að vera alltaf tilbúin að hreyfa sig skyldi eitthvað fýsilegra finnast.

Þegar ég sýndi honum frétt fyrir skömmu þess eðlis að hann væri í hópi þeirra barna og unglinga sem verst hefðu það í samfélaginu út frá félagsvísindalegri rannsókn sem mat stöðu hans út frá tekjum mínum, þá rak hann upp stór augu, var eiginlega alveg steinhissa því honum finnst hann aldrei hafa haft það eins gott og núna: við eigum heimili sem okkur líður vel í og þú ert ekki eins veik og í fyrra og hittifyrra og þar fyrrað, það er bara skólinn sem er stundum leiðinlegur og allt þetta áhyggjufulla fólk sem er alltaf að segja mér að ég hafi það slæmt og vill ekki leyfa mér að vinna svo ég geti hjálpað til!

Og svo varð hann móðgaður fyrir okkar hönd sem er skiljanlegt því ég hef heldur aldrei skilið tilganginn með þessum útreikningum á því hver hefur það verst ef því fylgja engar aðgerðir. Staða er bara staða sem hægt er að færa sig úr, vandamál eru nokkuð sem hægt er að leysa og ef það kemur nýr dagur á morgun þá hoppum við öll samferða í áttina að framtíðinni vitandi að við gerum það á öxlum einhverra sem eru líka að paufast áfram því: Það gerir enginn meira en hann getur og gerir varla mikið meira betur, þú ríst eins hátt og sá sem boginn ber þig inn á hamingjunnar lendur og um ill einstigi.

Mér finnst ég heppin að vera samferða sonum mínum og þó svo að ég hefði alltaf viljað þeim auðveldari og skemmtilegri tíma þá þarf ég ekki að gera neitt lítið úr því sem ég hef áorkað fyrir þá með því einu að vera alltaf til staðar hvernig sem mín staða er eða verður. Á aðfangadag munum við borða mat frá Mæðrastyrksnefnd (gleðileg jól!) sem afmælisbarnið mun matreiða og komi nokkur þá verður ekki tómur kofinn og allir sem láta sjá sig fá kraftmikið og heiðarlegt knús frá afmælisbarninu. Hann er kannski krakkinn sem stal jólunum á vissan hátt, en hann er líka hiklaust krakkinn sem minnir mig á jólin allt árið, ekki skrautið og skrumið, heldur tilganginn sem gengur út á samveruna og tilfinningalega viðurkenningu á tilhlökkun barnshjartans sem við öll finnum fyrir þegar jólin koma sér fyrir í hálsakotinu hjá okkur.

Mér er það minnisstætt þegar amma mín, skjálfrödduð, reyndi að útskýra fyrir mér að ég ætti að passa upp á Jesúbarnið í mér með því að passa öll börn og hún hafði nokkuð til síns máls með þeirri áminningu, enda af kynslóð sem mátti hafa fyrir lífinu og ég hugsa oft til hennar því hún var alltaf og ævinlega vakandi fyrir því litla, mikið til út af því að hún hafði særst sjálf. Enginn verður óbarinn biskup eða óbrenndur bakari og barnið sem fæðist í dag er manneskja morgundagsins, blessuð framtíðin er boðuð í barnshjörtum sem fyrirgefa manni bröltið í baslinu ef maður gleymir ekki hvar á að kveikja á kertinu sem skreytir afmælistertu dagsins jafnvel þótt hún sé teiknuð, eða bara pappírshjarta með örfáum einlægum orðum: Ég elska þig.

Gleðileg jól og lífið heilust.



Gleðileg jól
Pósthús okkar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri verða opin á eftirtöldum tímum:
24.12.2014 miðvikudagur 09.00–12.00
29.12.2014 mánudagur 09.00–18.00
30.12.2014 þriðjudagur 09.00–18.00
31.12.2014 miðvikudagur 09.00–12.00
02.01.2015 föstudagur Talning 9–13
03.01.2015 laugardagur 09.00–18.00
www.postur.is



**HEIMSÓTTU BÖRNIN** Einar Mikael og Viktoría sýndu börnunum töfrabrögð og færðu þeim gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FLOTTIR** Ólafur Ingi fékk að halda á dúfunni.

# Jólin á Barnaspítala Hringsins

Reynt er að skapa jólalega og hátíðlega stemmingu á spítalanum fyrir þau börn sem dveljast þar á aðfangadagskvöld.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Það er jólalegt um að litast á Barnaspítala Hringsins við Hringbraut þegar blaðamann og ljósmyndara ber þar að garði rétt fyrir hádegi á Þorláksmessu. Hér er allt gert til þess að skapa sem notalegasta stemmingu fyrir börnin sem hér dvelja og aðstandendur þeirra en sum þeirra þurfa að vera hér yfir hátíðarnar. Búið er að skreyta og nokkrar hjúkrunarkonurnar eru klæddar í hjúkrunarbúninga með jólamynstri.

### Flestir fá að fara heim

Átján börn eru núna á deildinni en flest þeirra fá að fara heim fyrir aðfangadagskvöld. „Við reynum eins og við getum að útskrifa sem flesta, hliðra til lyfjagjöfum og gera allt til þess að þau fái að fara heim á jólunum ef þau geta,“ segir Fríða Ólöf Ólafsdóttir aðstoðardeildarstjóri. „Við náum líklega að útskrifa níu í dag, þá verða níu eftir á morgun og vonandi nær allavega helmingur þeirra að fara heim,“ segir hún.

Á aðfangadagskvöld eru þrír á vakt. Sjúklingar og starfsfólk fá jólamat og reynt er að hafa allt sem hátíðlegast þó að aðstæður séu oft erfiðar. „Sjúklingar og aðstandendur þeirra fá líka jólamat og sumir koma með sinn eigin. Síðan kemur fólk með gjafir og heldur sín jól hér,“ segir Fríða.

### Gleðja börnin

Það er eftirvænting í loftinu þegar töframennirnir Einar Mikael og Viktoría ganga inn á deildina í fylgd sjúkraliðanema frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti sem standa fyrir komu þeirra. Með þeim í för eru tvær dúfur sem vekja strax mikla hrifningu barnanna. Þau sem eru nógu frísk fara fram á sameiginlega setustofu þar sem þau spjalla við töfrafólkið og fá að gjöf töfrabækur og búninga.

Hér koma reglulega skemmtikraftar til þess að gleðja börnin í þeim erfiðu aðstæðum sem þau eru í. Töfrafólkið vekur mikla gleði hjá börnunum sem fá að klappa dúfunum og gleyma veikindunum um stund.

### Yndislegt starfsfólk

Fimm ára strákur sest með þeim í sófann og spjallar við þau. Hann heitir Ólafur Ingi Kjartansson og berst við hvítblæði. Að sögn móður hans, Guðrúnar Skírnisdóttur, þá veiktist Ólafur í febrúar síðastliðinn og síðan þá hefur fjölskyldan þurft að eyða mörgum stundum hér á spítalanum. Ólafur Ingi er búinn með tíu mánuði af tveggja og hálfs árs meðferð sem hann þarf að fara í vegna veikindanna. Fjölskyldan er búsett á Akureyri og hefur því þurft að fljúga mikið á milli til þess að Ólafur Ingi geti sótt læknismeðferðir á spítalanum. Þau segja ómetanlegt hvað þau hafa gott bakland og að starfsfólkið hér Barnaspítalanum sé einstakt. „Þetta hefur verið mikið púsluspil. Þegar systir hans var fermd var hann til dæmis í einangrun hér á spítalanum og pabbi hans var með honum. Pabbi hans fékk svo að skjótast heim í nokkrar klukkustundir og á meðan kom hér ein af starfsfólkinu sem var í fríi og passaði hann á meðan. Þetta er svo yndislegt fólk,“ segir hún. Fjölskyldan fær að fara norður í dag og halda jólin heima. Þar bíða tvö eldri systkini Ólafs, fjórtán og nítján ára. „Það verður gott að koma heim,“ segir móðir hans en þau fara svo aftur á spítalann milli jóla og nýárs.



**KÁTUR** Ólafur Ingi berst við hvítblæði. Hann fær að fara heim til Akureyrar með fjölskyldunni sinni um jólin.



**JAFNAR SIG** Sigrún Birna hlaut höfuðmeiðsli fyrir nokkrum dögum og þarf líklega að vera á spítalanum um jólin.



**KLÖPPUÐU DÚFUNUM** Dúfur Einars Mikaels vöktu mikla gleði meðal barnanna.

### Jólin á spítalanum

Eftir að hafa glatt börnin frammi ganga töframennirnir milli stofa hjá börnunum sem voru í sumum tilvikum of máttfarin til þess að fara fram og fylgjast með. Á einni stofunni liggur hin átta ára gamla Sigrún Birna Þórarinsdóttir. Á veggjum stofunnar hanga jólaskreytingar og við gluggann er skór enda koma jólasveinarnir líka við á Barnaspítalanum. Það er dimmt inni á stofunni þar sem hún þolir illa ljós eftir að hafa hlotið höfuðmeiðsl fyrir nokkrum dögum. Sigrún slasaðist þegar hún var að leik með vinum sínum í frístund. Faðir hennar, Þórarinn Alvar Þorsteinsson, segir óvíst hvort þau fái að fara heim á morgun. „Við verðum hérna örugglega eitthvað næstu daga. Hún þarf að vera farin að borða áður en við förum heim,“ segir hann. Sigrún er þreytt en brosir til okkar og segir að það hafi verið gaman að fá heimsókn frá töfrafólkinu.

Frammi eru hjúkrunarfræðingarnir að fara yfir lista yfir þau börn sem liggja inni. Allar líkur eru á að sem flestir fái að fara heim. „Það verða allavega tvær fjölskyldur hér annað kvöld. En það fer ekkert illa um þau. Jólin eru líka haldin hátíðleg hér,“ segir Fríða Ólöf brosandi.



**STARFSFÓLKIÐ** Hjúkrunarfræðingarnir á deildinni voru í jólaskapi.



**VILDU GLEÐJA BÖRNIN** Sjúkraliðanemar frá FB stóðu fyrir heimsókn töframannanna.

# Við óskum öllum öruggra jóla

## – og stöndum vaktina fyrir þig

Undanfarin ár hafa verið mjög viðburðarík hjá björgunarsveitunum. Mörg stór verkefni hafa kallað á mikinn mannskap: Erfiðar leitir á jöklum, sjóbjarganir, útköll vegna óveðurs, viðamikil aðstoð við að bjarga fé úr fönn – svo fátt eitt sé talið. Mörg hundruð sjálfboðaliðar hafa margoft komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Yfir hátíðarnar verðum við með á fjórða þúsund manns til taks, dag og nótt – þín vegna.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG | Gleðileg jól!



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# AFGREIÐSLUTÍMAR UM HÁTÍÐARNAR

## LÆKNISÞJÓNUSTA NEYÐARLÍNAN RAUÐI KROSSINN KVENNAATHVARF

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn alla daga.
**Aðalsímanúmer** Landspítala 543-1000
**Beint innval á slysadeild í Fossvogi** 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
Opið 8-23.30 alla helgidaga og allar helgar.
**Vitjanasími** 1770 (opinn allan sólarhringinn alla daga).

**Neyðarlínan**
**Neyðarsími Neyðarlínunnar 112** er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
**1717** er hjálparsími Rauða krossins og verður hann opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**
Hjá Stígamótum er lokað yfir hátíðarnar og milli jóla og nýárs. Fólki er bent á **Neyðarmóttöku** og **Kvennaathvarfið**.

**Kvennaathvarfið**
**Opið** allan sólarhringinn, alla daga.
**Símanúmer** 561-1205.

**SÁÁ göngudeild**
Lokað um hátíðarnar.
**Unglingasími SÁÁ**, 824-7666, er opinn um jólin.

Bent er á slysa- og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

**Tannlæknar**
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysa- og bráðamóttöku þegar um alvarlegt slys er að ræða. Tannlæknar skiptast þó á um að hafa stofur sínar opnar yfir hátíðarnar:

**Aðfangadagur**
Opið hjá Jóni Hjaltalín Gunnlaugssyni 8-12.
**Jóladagur**
Opið hjá Kolbeini Viðari Jónssyni 12-14.
**Annar í jólum**
Opið hjá Ragnari Árnasyni 12-14.
**Laugardagur 27. desember**
Opið hjá Kristni Þorbergssyni 12-14.
**Sunnudagur 28. desember**
Opið hjá Hrafnhildi E. Skúladóttur 12-14.
**Mánudagur 29. desember**
Opið hjá Hlyni Þór Auðunssyni 12-14.
**Priðjudagur 30. desember**
Opið hjá Ragnari Árnasyni 12-14.
**Gamlársdagur**
Opið hjá Olgu Hrönn Jónsdóttur 8-12.
**Nýársdagur**
Opið hjá Þóri Hannessyni 12-14.

## APÓTEK

**Lyfja**
**Aðfangadagur**
Opið 8-18 Afgreiðslustaðir Lyfju Lágmúla og á Smáratorgi.
Opið 9-12 Laugavegur, Keflavík, Selfoss.
Opið 10-13 Smáralind.
Opið 10-12 Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Eskifjörður, Grindavík, Húsavík, Hvammstangi, Höfn, Ísafjörður, Neskaupstaður, Nýbýlavegur, Reyðarfjörður, Sauðárkrókur og Stykkishólmur.
**Jóladagur**
Opið 9-24 Lyfja Smáratorgi.
Opið 10-24 Lyfja Lágmúla.
**Annar í jólum**
Opið 8-24 Lyfja Lágmúla og á Smáratorgi.
Opið 12-16 Lyfja, Keflavík.

**Árbæjarapótek**
**Aðfangadagur**
Opið 9-12.
Lokað á jóladag og annan í jólum.

**Lyfjaval**
**Aðfangadagur**
Opið 9-12 Lyfjaval Álftamýri, Mjódd og í Keflavík (Apótek Suðurnesja).
Opið 10-14 Lyfjaval Bílaapótek.
Lokað á jóladag og annan í jólum á öllum stöðum.

**Lyfjaver**
**Aðfangadagur**
Opið 8.30-12.
Lokað jóladag og annan í jólum.

## SAMGÖNGUR SUNDLAUGAR STÓRMARKAÐIR SÖFN

**SAMGÖNGUR**
**Aðfangadagur**
Ekið er samkvæmt laugardagsáætlun til kl.14.
**Jóladagur**
Enginn akstur.
**Annar í jólum**
Akstur samkvæmt sunnudagsáætlun. Nánari upplýsingar um síðustu ferðir er að finna á straeto.is.

**SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Aðfangadagur**
Opið 8-12.30 Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Klébergslaug, Laugardalslaug, Seltjarnarneslaug, Sundhöllin og Vesturbæjarlaug.
Opið 8-12 Lágafellslaug, Sundlaug Kópavogs og Sundlaugin Versölum.
Opið 6.30-11 Ásvallalaug, Sundhöll Hafnarfjarðar og Suðurbæjarlaug.
Opið 10-12.30 Klébergslaug.
**Jóladagur**
Lokað í sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.
**Annar í jólum**
Opið 12-18 Árbæjarlaug og Laugardalslaug.
Opið 9-16 Lágafellslaug.
Opið 10-18 Sundlaug Kópavogs.
Lokað í öðrum laugum.

**STÓRMARKAÐIR**
**Hagkaup**
**Aðfangadagur**
Opið til 16 Verslanir Hagkaupa í Skeifunni, Garðabæ og Eiðistorgi.
Opið 9-14 Aðrar verslanir Hagkaupa.
**Jóladagur**
Allar verslanir lokaðar.
**Annar í jólum**
Opnað kl. 11 í verslununum í Skeifunni, Garðabæ og Eiðistorgi.
Aðrar verslanir eru lokaðar.

**Nóatún**
**Aðfangadagur** Opið 8-15
**Jóladagur** Allar verslanir eru lokaðar.
**Annar í jólum** Verslanir opnaðar kl. 11.

**10-11**
**Aðfangadagur** Opið til kl. 17.
**Jóladagur** Verslanir lokaðar til miðnættis.
**Annar í jólum** Verslanir opnar.

**Bónus**
**Aðfangadagur** Opið 10-14.
**Jóladagur** Lokað.
**Annar í jólum** Lokað.

**Krónan**
**Aðfangadagur** Opið 9-13.
**Jóladagur** Lokað
**Annar í jólum**
Opið 10-18 Verslanir á Granda og Reykjavíkurvegi.

**SÖFN**
**Listasafn Reykjavíkur,**
Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn.
**Aðfangadagur** Opið 10-14 Hafnarhús.
**Jóladagur** Lokað.
**Annar í jólum** Opið 13-17 í öllum söfnum.

**Listasafn Íslands**
Lokað til 27. desember.

**Þjóðminjasafn Íslands**
**Aðfangadagur**
Opið kl. 11-12 fyrir jólasveininn.
**Jóladagur** Lokað.
**Annar í jólum**
Venjuleg opnun kl. 11-17.

**Hafnarborg**
Lokað til 27. desember.



## GLEÐILEG JÓL

**Samkvæmt hátíðadagatali íslensku þjóðkirkjunnar er aðfangadagur jóla ekki sérstakur hátíðisdagur. Hann markar lok aðventu eða jólaföstu og kl. 18 hefst jóladagur. Ástæða þessa er, að í stað þess að miða upphaf dags við sólarlag, eins og Gyðingar, fastsettu kristnir menn upphaf daga við miðaftan.**





Skartgripalínan **Drífa** fæst í verslun Aurum, Bankastræti 4.

aurum BY GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770

Frí heimsending af www.aurum.is


# HLAKKAR TIL JÓLAFRIÐARINS

**JÓL** *Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hlakkar mikið til jólahátíðarinnar og er bjartsýnn á að næsta ár verði gott og gæfuríkt. Hann heldur í hefðirnar um jólin og ætlar að nýta tímann vel með fjölskyldunni.*

Dagur segir að desember hafi verið annasamur. „Hefðin vill stundum verða sú að maður sé að gera hlutina á síðustu stundu. Það örlar á því núna en hefur þó verið verra," segir hann. „Eitt af því sem fylgir borgarstjóraembættinu er að opna jólaskóginn þannig að nú var ekkert Þorláksmessustress að redda jólatré. Ein af hefðunum úr föðurfjölskyldu minni er að það megi ekki skreyta jólatré fyrr en á aðfangadag. Ég held að það séu leifar frá því að jólatré voru lýst upp með kertaljósum. Fólk var logandi hrætt við þau. Við hunsum þessa hefð og skreytum á Þorláksmessu."

Dagur er alinn upp við hamborgarhrygg á aðfangadag en kona hans, Arna Dögg Einarsdóttir, rjúpur. „Við borðum með foreldrum mínum þessi jól og fáum hinn hefðbundna hamborgarhrygg. Það hefur verið erfitt að fá rjúpur undanfarin ár svo þær hafa ekki verið á borðum," segir Dagur sem á fjögur börn, Ragnheiði Huldu, Steinar Gauta, Eggert og Móeiði. „Börnin eru mjög spennt yfir öllu jólastússinu og ég er ánægður með jólasveinana í desember, það er heilmikið gagn að þeim. Það er auðvelt að koma börnunum í háttinn á kvöldin og fram úr á morgnana á meðan skórinn er í glugganum. Þessi jól verða mikil fjölskyldujól og nokkur jólaboð, enda margir frídagar sem raðast saman. Arna er læknir á líknardeild og verður á vöktum yfir jól og áramót. Ég og börnin finnum okkur eitthvað til dundurs á meðan," segir Dagur, sem er formaður almannavarnanefndar og verður á vaktinni sem slíkur yfir hátíðirnar.

„Það eru engin fundahöld í borgarstjórn um jólin svo ég get einbeitt mér að því að vera pabbi og fjölskyldumaður. Þetta hefur verið viðburðaríkt ár. Það hefur margt verið að gerast í borginni. Umhverfis- og skipulagssvið hefur séð um jólaskreytingar og mér finnst lýsingin sérstaklega falleg í ár. Klukkurnar eru íslensk smíði og mjög vel heppnaðar," segir Dagur og bætir því við að hann hlakki mikið til jólafriðarins og síðan nýs árs. „Ég vona að árið verði fjölbreytt og okkur miði fram veginn. Ég trúi á sígandi lukku og að við fetum okkur áfram að betra samfélagi. Ég vil leggja áherslu á góð lífsgæði í breiðum skilningi. Borgin er lifandi og kraftmikil sem best sást á aðventunni."


elin@365.is




**Í HÁTÍÐARSKAPI** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ætlar að einbeita sér að fjölskyldunni um jólin, fara í jólaboð og njóta jólafriðarins. MYND/GVA




# Gleðileg jój

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
nyja.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

568 5000 NS Nýja sendibílastöðin
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Bílahöllin • Bíldshöfða 5 • 112 Rvk • S. 567 4949 • www.bilahollin.is

MB bílar
Klettháls 1a • 110 RVK, S. 415 1150 • www.mbbilar.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

HÖFÐAHÖLLIN BILO.IS
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Höfðahöllin Funahöfða 1, 110 RVK, s. 567 4840, www.bilo.is

STÓRA BÍLASALAN
Klettháls 2 • 110 Rvk • S. 586 1414
www.stora.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

KRÓKUR
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
www.krokur.net - Sími 522-4600.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
TOPPBÍLAR Klettháls 2 - 110 RVK - 587 2000
www.toppbilar.is

Rafstilling ehf
Dugguvogi 23 • S. 581 4991 • rafstilling@rafstilling.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

JS Ljósasmiðjan
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.velaverkjs.is

íshúsið
Íshúsið ehf • www.ishusid.is • S:566 6000
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Fjórhjólalagerinn • www.4h.is
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
S. 894 8040 • 894 8044 • brotafl@simnet.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
S. 587 1350
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Skemmuvegur 2 • Kópavogi
www.bifreidaverkstaedi.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.fjardarbolstrun.is

Alhliða garðþjónusta S. 866 9767
Garðaþjónusta Íslands ehf
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

ARCTIC TRUCKS
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Kletthálsi 3 • 110 Rvk
S. 540 4900

VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.

VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.

ÁSAFL EHF
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfirði
Sími: 562-3833 - Gsm: 863-5512
asafl@asafl.is - www.asafl.is
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
GARÐLIST ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
SÍMI: 554 1989
www.gardlist.is

GLUGGA GERÐIN
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Súðarvogur 5 • S. 566 6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Bílaþjónusta Bjarka ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík
Óskar viðskiptavinum sem & landsmönnum öllum gleðilegra jóla & farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

arnarut@365.is sigrunh@365.is

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*

EIGNAMIÐLUN Frá 1957
Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is

---

ÁSBYRGI ehf
Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

---




*Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

---

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

---

**heimili** fasteignasala – á traustum grunni

- Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
- Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
- Gústaf Adolf Björnsson, lögg. fasteignasali
- Stefán Már Stefánsson, sölufulltrúi
- Guðbjörg G. Blöndal, lögg. fasteignasali
- Ásdís Írena Sigurðardóttir, skjalagerð
- Brynjólfur Snorrason, sölufulltrúi

*„Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla"*

Finndu okkur á Facebook

**530 6500** | **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** | **530 6500**

---

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

- Runólfur Gunnlaugsson, lögg. fast.
- Ásmundur Skeggjason, lögg. fast.
- Brynjar Baldursson, sölufulltrúi
- Jóhann Friðgeir Valdimarsson, sölufulltrúi
- Helgi Jónsson, sölufulltrúi

*Jólakveðja, starfsfólk Höfða fasteignasölu*

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu.*

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144


BORÐA
DREKKA
TYGGJA
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi
WRIGLEY'S
Extra

## MERKISATBURÐIR

**1801** Gufuvagni Trevihicks ekið upp brekku í Cornwall með sjö farþega. Þetta var eiginlega fyrsti bíllinn.

**1865** Ku Klux Klan stofnað í Pulaski í Tennessee.

**1903** Fyrsta bílnúmerið í Bretlandi, A-1, gefið út. Eigandinn var Russell lávarður, bróðir Bertrands Russell.

**1922** Ava Gardner fæðist í Smithfield í Norður-Karólínu.

**1934** Jólakveðjur lesnar í fyrsta sinn í Ríkisútvarpinu, klukkan 20.30.

**1942** Útsendari Frjálsra Frakka drepur Darlan aðmírál í Alsír.

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGÞÓR SIGURJÓNSSON**
**Kirkjulundi,**
**Garðabæ,**

sem lést laugardaginn 6. desember, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 29. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag langveikra barna.

**Sigrún Valgerður Guðmundsdóttir**
**Gauti Sigþórsson** **Vera Júlíusdóttir**
**Börkur Sigþórsson**
**Hanna Ýr Sigþórsdóttir** **Dagur Bærings Bjarnason**
**Viktor, Aron, Kári og Egill.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**SIGURBJARGAR GUÐJÓNSDÓTTUR**
**Viðarrima 4, Reykjavík.**

Megið þið eiga gleðilega jólahátíð.

**Jakob Jónsson**
**Guðjón Árni Eggertsson** **Helena Karlsson**
**Anna Sóley Eggertsdóttir** **Gísli Gíslason**
**Eggert Smári Eggertsson** **Katharina Snorradóttir**
**Kristín Björg Eggertsdóttir** **Jens Ólafsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VILHELMÍNA SIGRÍÐUR BJARNADÓTTIR**

sem lést laugardaginn 20. desember verður jarðsungin frá Hafnarkirkju laugardaginn 27. desember klukkan 11.00.

**Hulda Valdís Þórarinsdóttir** **Jón Bjarnason**
**Guðrún Jóhanna Þórarinsdóttir** **Birgir Björnsson**
**Ásbjörn Þórarinsson** **Vigdís Halldóra Vigfúsdóttir**
**Elma Stefanía Þórarinsdóttir** **Hafsteinn Esjar Stefánsson**
**Olga Þórarinsdóttir** **Jón Skeggi Ragnarsson**
**Birna Þórarinsdóttir** **Guðmundur Hjaltason**
**Sigurborg Þórarinsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, systir og frænka,

**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Drekavöllum 18,**
**Hafnarfirði,**

lést mánudaginn 15. desember á Landspítala við Hringbraut. Hún verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 29. desember kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg.

**Kristinn Sveinn Axelsson**
**Elísabet Margrét Kristinsdóttir**
**Svanhvít Mjöll Aradóttir**
**Hekla Marín Eiríksdóttir**
**Hafsteinn Máni Eiríksson**
**Magnús Þórður Guðmundsson** **Sólveig Jónína Karlsdóttir**
**Íris Hrönn Magnúsdóttir**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUÐ 1996




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUÐ 1996

**ÞETTA GERÐIST:** Í BÆNUM OBERNDORF Í AUSTURRÍKI, Í NÁMUNDA VIÐ SALZBURG, Á AÐFANGADAG ÁRIÐ 1818:

# Jólasálmurinn Heims um ból var frumfluttur

Jólasálmurinn Heims um ból var frumfluttur í bænum Oberndorf í Austurríki, í námunda við Salzburg, á aðfangadag árið 1818. Fáa hefur líklega grunað hversu vinsæll sálmurinn átti eftir að verða um allan heim næstu árhundruðin.

Sveinbjörn Egilsson þýddi sálminn yfir á íslensku en upprunalega textann samdi Joseph Mohr árið 1816. Mohr þessi var þá prestur í Mariapfarr, afskekktu þorpi í Austurríki. Hann varð síðan aðstoðarprestur í Oberndorf, og að morgni aðfangadags árið 1818 á hann að hafa komið að máli við Franz Gruber, sem var tónlistarkennari á staðnum, og beðið hann að semja lag við textann fyrir tvo einsöngvara, kór og gítar. Þeir fluttu svo lagið ásamt öðrum við messu í Nikulásarkirkjunni um kvöldið. Lagið skipar enn þann dag í dag stóran sess í hjörtum margra, bæði fullorðinna og barna.





**BÝÐUR TIL TÓNLEIKA** Heimir ætlar að halda tónleika fyrir fjölskyldu og vini í tilefni afmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fannst ég aldrei svikinn

## Tónskáldið og tannlæknirinn Heimir Sindrason fagnar sjötugsafmæli í dag.

Heimir Sindrason, tannlæknir og tónskáld, fagnar sjötugsafmæli sínu í dag, aðfangadag. Hann lauk tannlæknaprófi frá Tannlæknadeild Háskóla Íslands árið 1973 og rak eigin tannlæknastofu í Reykjavík uns hann hóf störf á Tannlæknastofunni Valhöll árið 1995, þar sem hann starfar enn ásamt dóttur sinni og tengdasyni.

Hvort þessi afmælisdagur verði frábrugðinn öðrum, segir hann svo ekki vera og ætlar að geyma veisluhöldin örlítið. Deginum sjálfum eyðir hann í faðmi fjölskyldunnar sem kemur öll í mat á aðfangadagskvöld. „Þetta verður nú bara ósköp hefðbundið hjá okkur. Það er ekkert annað í boði en að bjóða upp á rjúpur sem konan gerir og svo gerir hún uppáhaldssúpu okkar allra, aspassúpu. Hún er það góð að börnin hafa áhyggjur af því að hún muni fara með leyndarmálið á bak við hana í gröfina,“ segir Heimir og hlær.

Aðspurður hvernig það sé nú að deila afmælisdegi með frelsaranum sjálfum, segist hann alltaf hafa haft gaman af því að eiga afmæli þennan dag, enda hafi hann alla tíð verið mikið jólabarn. „Maður er nú alltaf spurður að þessu sama, hvort það sé ekki gaman að eiga afmæli á aðfangadag. Ég veit ekki til þess að einhver segi þetta við þann sem er fæddur 3. júlí eða eitthvað álíka. En mér hefur alltaf þótt það gaman og sem barn var ég líka alltaf öruggur á því að fá aukagjöf, mér fannst ég aldrei svikinn,“ segir Heimir.

Á sunnudag hyggst Heimir halda tónleika fyrir fjölskyldu og vini í Fríkirkjunni í Reykjavík, þar sem hann flytur lög eftir sjálfan sig og á eftir er stefnan að bjóða til veislu.

Heimir er hvað þekktastur fyrir að hafa samið lagið við ljóð Tómasar Guðmundssonar, Hótel Jörð. „Það er nú gaman að segja frá því að ljóðið hans Tómasar kom út árið 1933, en margir höfðu aldrei heyrt það fyrr en lagið var samið við það árið 1964. Textinn höfðar til svo margra, og það er líklega ástæðan fyrir því hversu vinsælt það var, hvort sem það var í Óskalögum sjómanna eða í jarðarförum,“ segir Heimir.

> **Maður er nú alltaf spurður að þessu sama, hvort það sé ekki gaman að eiga afmæli á aðfangadag. Ég veit ekki til þess að einhver segi þetta við þann sem er fæddur 3.júlí eða eitthvað álíka.**

adda@frettabladid.is

# Snjókorn falla í fyrsta sæti

## Karókí í Sjónvarpi Símans hefur slegið í gegn, þá sérstaklega íslensku jólalögin.

Jólalagið sígilda Snjókorn falla í flutningi Ladda hefur ýtt laginu Bahama í flutningi Ingólfs Þórarinssonar úr fyrsta sæti karókí-vinsældalista Sjónvarps Símans. Í byrjun desember komu fimmtán íslensk jólalög inn í karókí Sjónvarps Símans.

„Á fyrstu mánuðunum trónaði Pollapönk á toppnum með Enga fordóma. Lagið Bahama sló það svo út og hefur haldið toppsætinu þar til jólalögin komu inn í upphafi mánaðarins. Þessi vöxtur í karókíinu hefur komið skemmtilega á óvart og gert það að verkum að lagavalið eykst og eykst, segir Þórir Úlfarsson tónlistarmaður, en það var fyrir hans tilstilli sem jólalögin voru sett inn.

Viðtökurnar hafa vægast sagt verið frábærar, en samningurinn við Símann hljóðaði upp á sextíu ný lög, og munu tuttugu og fimm lög koma inn ár hvert. Upphaflega stóð til að gefa lögin út í karókí-útgáfu á DVD. „Allt sem fer á slíka diska er stolið og auk þess eiga æ færri og nota orðið DVD-spilara. Þegar hugmyndin kviknaði að setja lögin inn í Sjónvarp Símans sá ég tækifærið. Þar er auðvelt að nálgast það á löglegan máta og hægt að hafa meiri stjórn á framboðinu,“ segir Þórir.

Yfir tuttugu þúsund sinnum hafa lög verið spiluð í karókí í Sjónvarpi Símans það sem af er mánuðinum. Það stefnir í að metið verði slegið, sem er um 22 þúsund lög á mánuði.




Jólin koma
með Kjörís
JÓLAPINNAR
VANILLUÍS
Kjörís
Brandenburg



2 | KL. 19:05

**Nú stendur mikið til**

Sérstakir hátíðartónleikar frá 2010 þar sem Sigurður Guðmundsson og Memfismafían flytja falleg lög.

# Gleðilegur
# Aðfangadagur

2 | KL. 19:50

**Jólalög Loga**

Skemmtileg og þægileg jólatónlist sem flutt hefur verið í jólaþáttum Loga Bergmann á undanförnum árum.



2 | KL. 21:20

**A Christmas Carol**

Hugljúf kvikmynd byggð á klassískri sögu eftir Charles Dickens og fjallar um nískupúkann Ebenezer Scrooge.



2 | KL. 23:00

**Jólatónleikar Fíladelfíu**

Glæsilegir jólatónleikar Fíladelfíu sem haldnir voru þann 1. desember sl. undir stjórn Óskars Einarssonar.



2 | KL. 00:20

**Sense And Sensibility**

Frábær bíómynd eftir sögu Jane Austen um mjög ólíkar systur sem missa föður sinn og þurfa að bjarga sér sjálfar.



KL. 22:00

**Argo**

Óskarsverðlaunamynd sem gerist í Íran árið 1980 þegar starfsmenn bandaríska sendiráðsins voru teknir í gíslingu í byltingunni.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | 3 | 6 | |
| | | 6 | | 5 | | 7 | | 9 |
| | | 1 | | 7 | 3 | | 4 | |
| 1 | 5 | 8 | | | 2 | | | 3 |
| | | | | 4 | | | | 8 |
| 6 | 2 | | 8 | | | 9 | | |
| | | | | | 4 | | 9 | 6 |
| | 8 | 5 | | | | 2 | | |
| | | 2 | | 9 | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | | 4 | |
| 4 | 6 | 7 | 2 | | 5 | | | |
| | 1 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 6 | | | 7 | 3 | |
| 3 | | 8 | 4 | | | | | |
| | | | | 5 | | 1 | | 2 |
| 1 | 8 | | | 6 | 7 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | |
| | 4 | | 5 | | 9 | 6 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | 2 | | 6 | | 3 |
| 5 | 2 | | | | 9 | | 4 | |
| | | | | | | 9 | | |
| | | | | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| | 6 | | 8 | | | | | 4 |
| | | 7 | | 9 | | | | |
| | | 1 | | 5 | | | | |
| | | 8 | | | 6 | 4 | 7 | |
| 7 | 9 | | | | 8 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 5 | 9 | 6 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 |
| 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 4 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 1 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 4 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 5 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 1 | 8 |
| 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 4 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 5 | 7 | 1 | 4 | 6 | 3 | 8 | 9 |
| 5 | 2 | 9 | 6 | 8 | 1 | 4 | 3 | 7 |
| 7 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 2 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 | 6 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

**„Ég mun geyma jólin í hjarta mínu og reyna að halda þeim þar allt árið.“**

*Charles Dickens.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** bölvanlega, **6.** einnig, **8.** gras, **9.** lengdarmál, **11.** karlkyn, **12.** hryggja, **14.** gnægð, **16.** hljóta, **17.** örn, **18.** frændbálkur, **20.** persónufornafn, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**

**1.** hróss, **3.** eftir hádegi, **4.** rekaviður, **5.** ar, **7.** tilgáta, **10.** völlur, **13.** kyrra, **15.** ættgöfgi, **16.** slunginn, **19.** Í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** verr, **6.** og, **8.** hey, **9.** fet, **11.** kk, **12.** stúra, **14.** gnótt, **16.** fá, **17.** ari, **18.** ætt, **20.** ég, **21.** rauf.

**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** eh, **4.** rekatré, **5.** ryk, **7.** getgáta, **10.** tún, **13.** róa, **15.** tign, **16.** fær, **19.** tu.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Armeninn Vahe Baghdasaryan (2.368) fann skemmtilega jafnteflisleið gegn Erwin L'Ami (2.613) í Groningen í fyrradag.**

**Hvítur á leik**



**65. De2! Dxh6 66. De3+! Dxe3**. Jafntefli þar sem hvítur er patt! Á Skák.is má finna ítarlegar upplýsingar um Jólamótin í ár sem eru fjölmörg. Þar á meðal eru tvö Íslandsmót.

**www.skak.is:** Gleðileg (skák)jól!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðileg jól

## Með kveðju frá starfsfólki Bónus

# OPIÐ

## AÐFANGADAG 24.DESEMBER

## 10:00-14:00

LOKAÐ 25/26 DESEMBER

OPIÐ LAUGARDAG 27. DES. **10:00-18:00**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

# SKYLDU ÞAÐ VERA LJÓÐAJÓL?

Ljóðabókaútgáfa stóð með miklum blóma á árinu sem fer að kveðja. Konur áttu þar stóran þátt og hver skáldkonan á fætur annarri sendi frá sér magnaðan skáldskap. Við grípum niður í nokkrar þessara ljóðabóka í tilraun til að endurspegla þá margbreytni sem ríkir í ljóðaútgáfunni.



## Haustlaufin yfir mér

Víst væri gott að geta
safnað saman völdum
ævistundum
og örfáum fölskum minningum
líkt og haustlaufum
sem leikskólabörn tína úti
á túni.

Þurrkað þær og slétt
límt á stór pappaspjöld
hengt á vegg
horft á þær með öðru
auganu eða báðum
meðan skammdegið
umvefur bæinn
og fyrir löngu orðið leiðigjarnt
að laumast með Facebook-veggjum.

**Þórdís Gísladóttir, Velúr**



## Faðmlag

Bara eitt faðmlag, það er
nóg
en í staðinn er búið að
gera allt
segja allt, ræða málin allt
til dauða
sofa hjá í svörtum nælonsokkum
reyra korselettið
gera við allt húsið
mig langar bara í eitt
faðmlag
eitt faðmlag og hvíla þar
styrkjast þar
finna fyrir þér
að þú getur eitthvað lítið.

**Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Enginn dans við Ufsaklett**



## Drápa (brot)

Stjörnur hafa fallið
úr festingunni
sáldrast yfir götur

Brotin stingast
eins og hnífsoddar
upp úr mjöllinni

Flugvél brýst
út úr skýjunum

strýkst við
marglit þökin
í miðbænum

Í Reykjavík
fellur nóttin
með hvini

eins og öxi

**Gerður Kristný, Drápa**



## KOK (brot):

við söfnum míniatúrum
úr gleri
hreyfum okkur eftir kerfi
rífumst sjaldnar en flestir
en þegar það gerist
þegar það gerist
það gerist
gerist
agnarsmáum dýrum
úr gleri

hendurnar úr gleri
kynfærin úr gleri
fötin úr gleri
áform okkar úr gleri
loforðin draumarnir
gæludýrin úr gleri
ásjóna hvors annars úr
speglagleri
og við blásum litlar lygar
út í gleri
litlar tilgangslausar lygar
út í gleri

**Kristín Eiríksdóttir, KOK**



## Gleðilegt ár

Árið
kemur í frakka
með spæl
sem mér virðist löngu úr
móð

setur upp hanska
úr fórum Harry Klein,
ég segi: hættu nú alveg

,Spennan, kona, spennan,'
hvíslar árið
um hæl
og
stingur hnífi
og þjóðsöng í vasann

Torvelt að vita
upp á hverju það tekur
næst

enginn
hefur áður tekið viðlíka
tilhlaup

**Sigurbjörg Þrastardóttir, Kátt skinn (og gloría)**



## erindi

enn
koma farfuglarnir
á hverju vori
um langan veg

kvikir
eins og kompásnál
með lífsins þyt
í vængjaslætti

komnir
til að skapa
himin í höfði þínu
jörð í brjósti þínu
ljós í hjarta þínu
einu sinni enn

**Guðrún Hannesdóttir, Slitur úr orðabók fugla**




# Heldur sig réttu megin í tungumálinu

**Friðrik Rafnsson er einn afkastamesti þýðandi landsins, ekki færri en þrjár bækur í hans þýðingu komu út á árinu og sú fjórða kemur fljótlega eftir áramótin. Er hann ekki farið að dreyma á frönsku?**

„Það er nú ekki alveg rétt að ég hafi þýtt þessar þrjár bækur á árinu," segir Friðrik Rafnsson þýðandi sem sendi frá sér þýðingar á þremur bókum árið 2014; Sannleikur um mál Harrys Quebert eftir Joël Dicker, Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA skáp eftir Romain Puértolas og Hátíð merkingarleysunnar eftir Milan Kundera. „Sannleikurinn um mál Harrys Quebert var fullþýdd um síðustu áramót og kom út í febrúar."

Fyrir þá þýðingu hlaut Friðrik Ísnálina fyrir best þýddu glæpasöguna á Iceland Noir-hátíðinni í nóvember. „Þetta eru mjög ólíkar bækur; spennubók, ekta gamansaga og sú þriðja, Kundera, er sambland af gamni og alvöru. Allar þessar bækur standa undir nafni sem fagurbókmenntir, mjög vel skrifaðar og vandasamt að þýða þær, hverja á sinn hátt."

Þú hefur þýtt allar bækur Milans Kundera, siturðu við á aðfangadagskvöld og stúderar hann? „Ég hef þýtt hann allan, já, nema hálft ritgerðasafn sem ég geymi mér eins og konfekt á jólunum," segir Friðrik og hlær. „En, nei, ég tek mér frí á aðfangadagskvöld og borða gæsalifur og rjúpu."

Hver af þessum bókum var mesta glíman fyrir þýðandann? „Það var nú kannski Fakírinn vegna þess að húmor er svo vandmeðfarið fyrirbæri og huglægt. Það var bæði ofsalega gaman og vandasamt að ná öllum húmornum og orðaleikjunum hjá Puértolas. Sú glíma var mesta ögrunin fyrir mig sem þýðanda."

Ég veit það er ekki hægt að gera upp á milli barnanna sinna, en er einhver þessara bóka í meira uppáhaldi hjá þér en önnur? „Mér fannst mjög gaman að glíma við þær allar, enda mjög góðar bækur. en ég get sagt að ég hafði mest gaman af að vinna við Fakírinn, ef það er einhver mælikvarði. Ég hef ekki áður þýtt gamansögu þar sem maður fær að leika sér svona mikið með tungumálið, en ég get alls ekki gert upp á milli þessara bóka."



**FRIÐRIK RAFNSSON** „Mín reynsla er sú að ég læri alltaf heilmikið í íslensku þegar ég þýði nýtt verk." FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Allar bækurnar eru til þess að gera glænýjar, Sannleikurinn um mál Harrys Quebert kom út haustið 2012 og hinar tvær á árunum 2013 og 2014 og Friðrik segir það vera til mikillar fyrirmyndar hversu fljótir íslenskir útgefendur eru að bregðast við því sem hæst ber erlendis. Spurður hvaða bók verði jólalesningin hjá þýðandanum upplýsir hann að það verði nýjasta bók Michels Houellebecq, Undirgefni, sem ekki kemur út í Frakklandi fyrr en 7. janúar 2015. Það kallast að hafa puttann á púlsinum.

Er þig ekki farið að dreyma á frönsku eftir allan þennan lestur á frönskum bókmenntum? „Nei, það verður að passa sig að halda sig réttum megin í tungumálinu. Ég reyni alltaf að lesa talsvert mikið af íslenskum bókum til þess að stæla og næra eigin málvitund. Maður má ekki hverfa inn í frummálið og mín reynsla er sú að ég læri alltaf heilmikið í íslensku þegar ég þýði nýtt verk. Þýðingar eru mjög skemmtileg aðferð til að dýpka málvitund sína í eigin tungumáli."

fridrikab@frettabladid.is

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2014

## Jól með

# SCHOLA CANTORUM

## Sunnudaginn 28. desember 2014 kl. 17:00
## í Hallgrímskirkju



Á efnisskránni eru verk eftir Áskel Jónsson, Hörð Áskelsson, Sigvalda Kaldalóns, Ó helga nótt eftir Adams, frumflutningur á jólalögum eftir Hafliða Hallgrímsson o.fl.

**Miðaverð 3.500 kr. / 2.500 kr.**

Einsöngvarar úr röðum kórfélaga: **Fjölnir Ólafsson**, **Hildigunnur Einarsdóttir** og **Thelma Hrönn Sigurðórsdóttir**

Orgel: **Björn Steinar Sólbergsson** / Stjórnandi: **Hörður Áskelsson**



# HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

## 31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR





### 17.00 Hátíðarhljómar við áramót

**Hátíðartónlist fyrir 3 trompeta, orgel og pákur.**
Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Bach og Albinoni. Áramótastemmningin byrjar með hátíðarhljómum þeirra félaga, enda njóta þessir tónleikar gríðarlegra vinsælda og hafa þeir leikið fyrir fullu húsi á gamlárskvöld allt frá vígslu Klaisorgelsins 1992!

Miðaverð 3.500 / 2.500 kr.

Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Gunnar Eggertsson
Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavík

Miðasala í Hallgrímskirkju, s. 510 1000 og á midi.is.
scholacantorum.is / listvinafelag.is

## JÓLATÍST VIKUNNAR SKÖTULIMUR OG SNJÓÝTA



**Atli Fannar**
**@atlifannar**
Mislas fyrirsögn og berst núna við að búa ekki til brandara um skötuliminn.



**Bobby Breiðholt**
**@Breidholt**
Fyrirfram shout out til þeirra sem munu gleyma gjöfum á barnum í kvöld.



**Sunna Ben**
**@SunnaBen**
Rétt upp hönd ef þið voruð ógeðslega skotin í George Michael þegar þið voruð börn *rétt*



**Birta Ísólfsdóttir**
**@B_vitamins**
Faðir minn var að kaupa sér annað hljómborð (skemmtara). Svona eru jólin.



**Ólafur Arnalds**
**@OLAFURARNALDS**
Það tók tvo tíma, fimm manns og snjóýtu til að leysa bílinn minn ÚR flugvallarbílastæðinu þar sem hann var fastur undir risahrúgu af snjó.

# Mikil goðsögn kveður þennan heim

Enski stórsöngvarinn Joe Cocker er látinn, sjötugur að aldri. Hann var þekktur fyrir sína einstöku rödd. Fjöldi þekktra einstaklinga hefur heiðrað minningu Cockers á hinum ýmsu samfélagsmiðlum. Fréttablaðið fékk þrjá Íslendinga til að tjá sig um kynni sín af Cocker.



**JOE COCKER** Cocker var þekktur fyrir skemmtilega sviðsframkomu. NORDICPHOTOS/GETTY

Breski stórsöngvarinn Joe Cocker kvaddi þennan heim í fyrradag af völdum krabbameins, að sögn fréttastofu BBC.

Hann fæddist árið 1944 og ólst upp í Sheffield á Englandi. Cocker hóf að láta að sér kveða á sjöunda áratug síðustu aldar og komst í fyrsta sæti breska vinsældalistans með flutning sinn á Bítlalaginu, With a Little Help From My Friends árið 1968. Hann söng einnig þekkt lög á borð You Are So Beautiful eftir Billy Preston og þá vann hann bæði til Óskarsverðlauna og Grammy-verðlauna árið 1983, þegar hann söng lagið Up Where We Belong, í dúett með söngkonunni Jennifer Warner.

Cocker sendi frá sér yfir tuttugu hljóðversplötur á ferlinum og átti afar glæstan feril. Hann kom meðal annars fram í Laugardalshöll árið 2005. Hans síðustu tónleikar fóru fram í London í fyrra eftir vel heppnað tónleikaferðalag.

Fjöldi þekktra tónlistarmanna vottaði honum virðingu sína á samfélagsmiðlunum og má þar nefna einstaklinga á borð við Steven Tyler úr Aerosmith, Bryan Adams og Bítilinn Ringo Starr. Hann komst í kynni við nokkra Íslendinga, þar á meðal þá Björgvin Halldórsson, Einar Bárðarson og Gunnlaug Briem.

gunnarleo@frettabladid.is




### ALGJÖR ÖÐLINGUR OG VINSAMLEGUR VIÐ ALLA

„Joe Cocker kom hingað til Íslands á mínum vegum og hélt tónleika í Laugardalshöll 1. september 2005. Tónleikarnir voru frábærir og stóðst hann væntingar aðdáenda sinna sem margir höfðu beðið síðan nítján hundruð sextíu og eitthvað til að berja hann augum.

Mér er minnisstætt frábært viðtal sem Andrea Róbertsdóttir tók við hann á 1919 hótelinu fyrir Stöð 2. Hann var, eins og allar alvöru stjörnur eru, algjör öðlingur og vinsamlegur við alla hvort sem hann ræddi við rótarana, tónleikahaldarann eða aðdáendurna, allir voru jafnir.

Við töluðum talsvert saman en samt ekkert meira en gengur og gerist með samskipti okkar tónleikahaldara við erlenda listamenn. Maður er til taks og skrafs og ráðagerða en maður er ekkert að trufla fólk eða ónáða yfir smáhlutum. Hann áritaði fyrir mig mynd sem ljósmyndari Morgunblaðsins hafði tekið daginn fyrir tónleikana með sérstakri kveðju og þakklæti. Mér þótti vænt um það.

Þessi einlæga auðmýkt og yfirvegun hafði áhrif á mig. Maður er aldrei of oft minntur á það að frekja, fordómar og yfirgangur eru smáborgaraleg hegðun og sæmir engum.

Það er sannarlega gaman að hafa á ferlinum fengið tækifæri til að kynnast svona flottum söngvara og um leið að gefa Íslendingum tækifæri til að sjá hann syngja hérna heima. Blessuð sé minning hans en minningin, eins og rokkið, lifir!“




### ENDAÐI MEÐ SPJALLI TIL 5 UM MORGUNINN

„Ég var svo heppinn fyrir mörgum árum að hitta hann í borginni Lyon á ferð okkar frá Ítalíu. Þar sat hann í horninu á hótelinu okkar, Cour des loges og dreypti á vínglasi. Ég gaf mig á tal við hann þarna um kvöldið sem endaði með skemmtilegu spjalli til fimm um morguninn yfir viskíflösku. Við ræddum um allt milli himins og jarðar. Hann sagði mér margar sögur af kollegum sínum úr bransanum. Ég spurði hann sérstaklega um handahreyfingar hans sem þóttu mjög spastískar. Margir héldu að hann væri að spila á loftgítar, en það var ekki rétt. Hann byrjaði í bransanum sem trommari og þess vegna hreyfði hann höndina eins og hann gerði þegar hann söng.

Hann var ljúfur og skemmtilegur maður sem var búinn að lifa rokkstjörnulífi frá frægðartíma hans á Woodstock. Hann var mjög viðkunnanlegur kall og sagðist vilja halda tónleika á Íslandi.

Hann hafði áhrif á mig eins og allir þessir náungar frá þessum tíma. Þetta voru allt áhrifavaldar. Áhrifavaldur hans var Ray Charles eins og hjá mér. Joe var ljúflingur og minning hans mun lifa í gegnum tónlistina sem hann skilur eftir.“




### KASTAÐI UPP Í MIÐJU LAGI

„Joe Cocker og Mezzoforte léku á sama festivali í Sviss 1985. Það var magnað að fylgjast með kallinum á sviði sem baksviðs. Hann var komu beint úr fangelsisdvöl fyrir óreglu og þaðan rakleiðis í gigg. Hann þurfti stuðning tveggja tröllvaxinna rótara til að komast inn á svið í gegnum æsta aðdáendur sem höfðu komist baksviðs, fyrir utan að vera talsvert við skál. En þegar Cocker byrjaði að syngja var ekki um að villast að þarna fór einn flottasti barki poppsögunnar. Við unglingarnir í Mezzo fylgdumst svo með þegar goðið vék sér bak við risa Marshall-magnarastæðu, kastaði hressilega upp í fötu sem rótari var með tilbúna, beint inn á svið aftur og kláraði lagið.

Unaður að sjá svona menn að störfum eins og Rúnar Júlíusson hefði sagt.“

# Selur frá sér gamalt dót í Fiskhöllinni

Antíksala á Tryggvagötu. Reiturinn verður rifinn í sumar.

„Þetta er bara dót sem ég hef átt, ég hef átt svo mikið af dóti í gegnum árin að ég hef verið að losa,“ segir Kjartan Hjaltason, sem rekur nú antík- og skransöluna Markaðinn okkar í gömlu Fiskhöllinni á Tryggvagötu 10. Þar er hægt að finna ýmislegt en markaðurinn var opnaður fyrir um hálfum mánuði.

Húsið brann í janúar 2009 og skemmdist mikið en ein helsta fiskbúð borgarinnar, Fiskhöllin, var þar til húsa á árum áður. „Það er mjög mikil saga í þessu húsi, það er nú svo. Ég málaði hérna inni og gerði upp neðri partinn,“ segir Kjartan. „Það var meira en að segja það.“

Markaðurinn verður opinn þangað til í sumar en þá stendur til að rífa húsið. „Það á að rífa allan reitinn í sumar,“ segir hann. - þij



**KJARTAN HJALTASON** Rekur antík- og skransöluna Markaðinn okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## 15.12.2014 → 23.12.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Hozier** | **Take Me To Church** |
| 2 | ▼ | Amabadama | *Gaia* |
| 3 | ▶ | Ásgeir Trausti | *Stormurinn* |
| 4 | ▲ | Mark Ronson/Bruno Mars | *Uptown Funk* |
| 5 | ▼ | Ed Sheeran | *Thinking Out Loud* |
| 6 | ▼ | Jón Jónsson | *Gefðu allt sem þú átt* |
| 7 | ▲ | Valdimar | *Ryðgaður dans* |
| 8 | ▲ | Nýdönsk | *Stafrófsröð* |
| 9 | ▲ | Máni Orrason | *Fed All My Days* |
| 10 | ▼ | Meghan Trainor | *Lips Are Movin* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Ýmsir** | **Óskalög þjóðarinnar** |
| 2 | ▶ | Skálmöld | *Með vættum* |
| 3 | ▲ | Raggi Bjarna | *80 ára* |
| 4 | ▲ | Jón Jónsson | *Heim* |
| 5 | ▲ | Páll Rósinkranz | *25 ár* |
| 6 | ▼ | Helgi Björns | *Eru ekki allir sexý* |
| 7 | ▲ | AmabAdamA | *Heyrðu mig nú* |
| 8 | ▼ | Páll Rósinkranz og Margrét Eir | *If I Needed you* |
| 9 | ▼ | Gissur Páll | *Aría* |
| 10 | ▼ | Ýmsir | *SG jólalögin* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is




HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík OG Dalsbraut 1 • Akureyri • EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Kærleiksandi röflkórsins

BAKÞANKAR
Viktoríu Hermannsdóttur



Það gerist mjög reglulega að ég missi trú á mannkynið. Yfirleitt gerist það þegar ég les athugasemdakerfi vefmiðlanna eða stöðuuppfærslur misgáfaðra besservissera á Facebook. Ekki misskilja mig, ég elska kommentakerfin og þau geta svo sannarlega stytt manni stundir. En fólk röflar bara svo alltof mikið þar að það kemur reglulega fyrir að ég missi trú á allt og alla eftir lestur þeirra.

Á öld samskiptamiðlanna hafa nefnilega allir rödd. Það er auðvitað gott en stundum er bara aðeins of mikið öskrað. Ég gæti auðvitað bara sleppt því að lesa þetta en það er skemmtilegra að pirra sig á því og gerast meðlimur röflkórsins. Svo birtir til og maður fær aftur trú á mannkynið. Og það gerðist hjá mér í vikunni. Síðustu dagar hafa verið óvenju snjóþungir í borginni og bílar verið fastir í sköflum út um allt.

**SAMHUGURINN** sem myndast þegar fólk hefur fest sig í snjósköflum er nefnilega oft og tíðum ótrúlegur. Ég var vakandi eftir miðnætti eitt kvöldið í vikunni þegar ég heyrði bíl spóla í götunni hjá mér. Sem meðlimur röflkórsins ætlaði ég að reyna að leiða spólið hjá mér en samviskan leyfði það ekki þar sem ég sá fram á að hlusta á bílinn spóla þarna alla nóttina. Ég dreif mig því í úlpu og skó. Ég komst ekki einu sinni alla leið út því þegar ég opnaði hurðina voru fjórir aðrir nágrannar mættir út á náttfötunum með skóflur og bíllinn komst sína leið. Þarna var sko sannur samhugur að verki. Og þetta sá ég gerast úti um allt í vikunni, einn fastur og allir út að ýta.

**ÞEGAR** eitthvað bjátar á þá hættir nefnilega röflkórinn að röfla og allir hjálpast að. Fyrir jólin gerist það á hinum ýmsu vígstöðvum. Til dæmis voru fjölmargar Facebook-síður stofnaðar á síðustu vikum þar sem fólk bauðst til þess að hjálpa þeim sem eiga erfitt með að halda góð jól. Fólk fór og keypti í jólamatinn fyrir bláókunnugt fólk og rétti hjálparhönd á ýmsan hátt. Þarna sýnir þjóðarsálin sínar bestu og fallegustu hliðar.

**OG** þannig er andi jólanna. Þegar allt kemur til alls skipta gjafirnar og hvort allt sé hreint ekki máli. Heldur það að standa saman og sýna kærleik í verki. Gleðileg jól!

# Franskur ruglufugl

**Leikhópurinn Soðið svið setur barnasýninguna Hættuför í Huliðsdal aftur á svið. Leikritið fjallar um ellefu ára stelpu sem kynnist alls kyns furðuverum.**

„Þetta var einhver svona aulahúmor á elleftu stundu þegar við vorum að fylla út umsóknir og áttuðum okkur á að við vorum ekki með neitt nafn," segir Salka Guðmundsdóttir, sem stofnaði leikhópinn Soðið svið árið 2009 ásamt Aðalbjörgu Árnadóttur.

„Það er svona með ákvarðanir sem maður tekur í hláturskasti rétt fyrir miðnætti, þær geta reynst afdrifaríkar," segir Salka og hlær.

Um síðustu helgi hófust aftur sýningar á barnaleikritinu Hættuför í Huliðsdal en Salka skrifaði handritið að verkinu og því er leikstýrt af Hörpu Arnardóttur. Leikhópinn stofnuðu Salka og Aðalbjörg þegar þær voru nýkomnar úr námi en þær langaði til þess að skapa eigin verkefni. „Við Aðalbjörg vorum saman í unglingaleikhóp í Kramhúsinu hjá Hörpu. Við erum því að vinna með gamla „mentornum" okkar." Hættuför í Huliðsdal fjallar um Eyju, ellefu ára stelpu sem er nýflutt út í sveit. Í herberginu hennar opnast töfrahlið og hún fer inn í Huliðsdal þar sem hún hittir fyrir margar sérkennilegar verur. Meðal þeirra er franski ruglufuglinn sem leikinn er af Esther Talíu Casey.

„Ruglufuglinn er alveg ótrúlega skemmtilegur karakter sem Eyja hittir í Huliðsdal, Esther Talía leikur hann og fann sér einhvern innri franskan ruglufugl. Þetta er mjög sannfærandi allt saman og hann er í uppáhaldi hjá okkur öllum," segir hún. „Þegar við vorum að vinna verkið hittumst við nokkur úr leikhópnum og spjölluðum um það sem okkur fannst skemmtilegt þegar við vorum börn. Leiksýningar, bækur og sjónvarpsþætti," bætir hún við um hugmyndavinnuna.



**SOÐIÐ SVIÐ** Salka segir nafn leikhópsins afleiðingu af hláturskasti rétt fyrir miðnætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum með leikmynd sem leikararnir þurfa svolítið að æfa sig að hreyfa sig í, fólk þarf að ganga blindandi um sviðið vafið í silki og það hefur alveg dottið um koll og um hvert annað," segir Salka um æfingaferlið og bætir við: „Það sem var skemmtilegt í fyrra var hvað krakkarnir lifðu sig mikið inn í verkið, hrópuðu á aðalhetjuna og púuðu á vondu kallana. Það er svo skemmtilegt að finna viðbrögðin."

> **Það er svona með ákvarðanir sem maður tekur í hláturskasti rétt fyrir miðnætti, þær geta reynst afdrifaríkar.**

Sýningar á Hættuför í Huliðsdal fara fram í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu og hentar sýningin börnum frá fimm ára aldri.

gydaloa@frettabladid.is

SAMBÍÓIN
GLEÐILEG JÓL
TÍMARNIR GILDA 26. DESEMBER
FRÁBÆR RÓMANTÍSK GAMANMYND
JÓLAGRÍNMYNDIN Í ÁR
FRÁ SAMA HÖFUNDI OG FÆRÐI OKKUR P.S. I LOVE YOU
LOVE ROSIE
HORRIBLE BOSSES 2
Vinsælasta teiknimynd allra tíma
FROSINN
Aftur í bíó um jólin
HOLLYWOOD REPORTER
Jólamyndin 2014
BIG HERO 6

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 7:20 - 10:20 | 12 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| LOVE, ROSIE | KL. 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5:50 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 3:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 2 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT HFR 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 12:30 - 3:30 - 6:30 - 9:30 | 12 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 | L |

Gleðileg bíójól SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE HOBBIT
SÝNINGARTÍMAR GILDA FRÁ OG MEÐ 26. DESEMBER
JÓLAMYND FJÖLSKYLDUNNAR
NIGHT AT THE MUSEUM
BIG HERO 6
EXODUS
MÖRGÆSIRNAR

SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 6 – 8 – 9.30 – 11 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 8 – 11 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 1 – 3.30 – 5.45 – 8 | L |
| EXODUS | KL 6 – 9.30 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 10.20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL 1 – 3.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL | KL 1 – 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D | KL 2 – 5.45 – 6.45 – 9 – 10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 2 – 4.30 – 6.45 – 10.45 | L |
| EXODUS | KL 9 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 5 – 8 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 2 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL | KL 2 - 4.30 | L |

FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-12 ÁRA
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
Miðasala á: Miði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
GLEÐILEG JÓL
AUKAKRÓNUR 5%
SÝND Í 3D 48 RAMMA
BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS
NIGHT AT THE MUSEUM
NIGHTCRAWLER
LOKAÐ Á AÐFANGADAG OG JÓLADAG! - SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 26. DESEMBER
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
BIG HERO 6

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HOBBIT 3 3D (48R) | 2, 4, 5, 7, 8, 10, 11 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | 1:50, 5, 8 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10:10 | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 2 | L |

Sími: 553 2075
LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND KL. 2
HOBBIT
SÝND KL. 1:50
NIGHT AT THE MUSEUM
BIG HERO 6
SÝND KL. 2
SÝND Í 2D ÍSL TAL
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS
TILBOÐ GILDA FYRIR 26. DESEMBER

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Mommy | 17.30, 20.00 |
| Whiplash | 17.45 |
| París norðursins Eng sub | 18.00 |
| Turist | 22.30 |
| FRUMSÝNING: | |
| Winter sleep | 20.00 |
| SVARTIR SUNNUDAGAR: | |
| Edward Scissorhands | 20.00 |
| Nightmare B. Christmas | 22.00 |

# STARFSFÓLK ICELAND ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

**AFGREIÐSLUTÍMAR UM JÓLIN**

**24. DESEMBER, AÐFANGADAGUR:**
Opið til kl. 16

**25. DESEMBER, JÓLADAGUR:**
Opnað á miðnætti

**26. DESEMBER, ANNAR Í JÓLUM:**
Opið allan sólarhringinn

Iceland

## Óskar frá KR til Kanada



**FÓTBOLTI** Óskar Örn Hauksson, framherji KR, er að ná samningum við kanadíska liðið Edmonton FC sem leikur í NASL [North American Soccer League ], næstefstu deild Bandaríkjanna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Edmonton FC var stofnað fyrir fjórum árum, en liðið hafnaði í níunda sæti af ellefu liðum á fyrri hluta síðustu leiktíðar, en þriðja sæti um haustið. Óskar Örn mun því spila í sömu deild og spænska goðsögnin Raúl sem samdi fyrr í vetur við New York Cosmos.

Óskar Örn kom til KR frá Grindavík árið 2006 og hefur spilað átta síðustu tímabil með Vesturbæjarliðinu. Hann á að baki 148 leiki í efstu deild með KR og 30 mörk.

Þetta er mikið áfall fyrir KR sem hefur einnig misst fyrirliða sinn, Baldur Sigurðsson, í atvinnumennsku, en þeir hafa verið bestu menn liðsins undanfarin ár. - tom

## Fær Stóri Sam síðbúna jólagjöf á Brúnni?

**FÓTBOLTI** Áhugamenn um enska úrvalsdeildina í fótbolta fara ekki í jólaköttinn í ár frekar en fyrri daginn, en eins og alltaf verður boðið upp á heila umferð á öðrum degi jóla.

Veislan hefst skömmu fyrir eitt þegar topplið Chelsea tekur á móti West Ham á Stamford Bridge. West Ham hefur komið liða mest á óvart í deildinni og er með 31 stig eftir sautján umferðir.

Á síðustu leiktíð náði Stóri Sam markalausu jafntefli á Brúnni með West Ham-liðið og fékk skömm í hattinn frá José Mourinho fyrir leiðinlega og varnarsinnaða knattspyrnu. Allardyce hló að Portúgalanum og mun sækja stig í eintölu eða fleirtölu að þessu sinni með ráðum og dáð.

Manchester United tekur á móti Newcastle og reynir að halda í við efstu liðin, en City-menn eiga útileik gegn West Bromwich Albion. Arsenal fær QPR í heimsókn í síðdegisleiknum og Liverpool heimsækir Burnley. Brendan Rodgers og lærisveina hans er farið að þyrsta í sigur eftir fjóra úrvalsdeildarleiki án þess að fá þrjú stig. - tom



**STÓRI SAM** Allardyce á erfiðan leik fyrir höndum gegn toppliði Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Lesendur velja íþróttamann ársins á Vísi

**ÍÞRÓTTIR** **Lesendakosning Vísis á íþróttamanni ársins hófst í gær og stendur yfir hátíðarnar. Tekið var við tilnefningum í tölvupósti og er nú hægt að velja á milli þeirra tíu sem flest atkvæði fengu á íþróttavef Vísis.**

**Tilnefndir eru Dagný Brynjarsdóttir, Eygló Ósk Gústafsdóttir, Fanney Hauksdóttir, Guðjón Valur Sigurðsson, Gunnar Nelson, Gylfi Þór Sigurðsson, Jón Arnór Stefánsson, Jón Margeir Sverrisson, Norma Dögg Róbertsdóttir og Sif Pálsdóttir.**



**HANS HÁTIGN** LeBron James er ekki kallaður kóngurinn að ástæðulausu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Kóngurinn snýr aftur

**KÖRFUBOLTI** Að venju er dagskrá NBA-deildarinnar á jóladag glæsileg en tvær af viðureignunum fimm verða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Þar ber einna hæst endurkomu LeBron James til Miami eftir að hann sneri aftur til Cleveland í sumar.

James fór með Miami fjórum sinnum í lokaúrslitin og vann titilinn tvívegis. Dwayne Wade, fyrrverandi liðsfélagi hans hjá Miami, hvatti stuðningsmenn til að taka honum vel, þó hann viti vel að viðbrögð þeirra verði blendin.

„Miðað við það sem hann gerði fyrir félagið ættu stuðningsmenn okkar að taka honum afar vel, að minnsta kosti í upphafi leiks,“ sagði Wade. „Svo þegar út í leikinn er komið gera þeir það sem þá lystir.“

Leikurinn hefst klukkan 22.00 en klukkan 19.00 verður viðureign meistara San Antonio Spurs og Oklahoma City Thunder. - esá

### LEIKIR UM HÁTÍÐARNAR

**JÓLADAGUR**

| | |
|---|---|
| 19.00 San Antonio - Oklahoma | Sport HD |
| 22.00 Miami - Cleveland | Sport HD |

**ANNAR Í JÓLUM**

| | |
|---|---|
| 12.45 Chelsea - West Ham | Sport 2 HD |
| 15.00 Burnley - Liverpool | Sport HD |
| 15.00 Man. Utd. - Newcastle | Sport 2 HD |
| 15.00 WBA - Man. City | Sport 3 |
| 15.00 Swansea - Aston Villa | Sport 4 |
| 15.00 Leicester - Tottenham | Sport 5 |
| 15.00 Crystal P. - Southampton | Sport 6 |
| 15.00 Everton - Stoke | Stöð 3 |
| 15.00 Sunderland - Hull | Bravó |
| 17.30 Arsenal - QPR | Sport 2 HD |



**TALA MIKIÐ SAMAN** Tómas Heiðar Tómasson og Bergþóra Holton Tómasdóttir bregða á leik á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Samrýnd og hittin systkini

Systkinin Tómas Heiðar Tómasson og Bergþóra Holton Tómasdóttir eru bestu þriggja stiga skytturnar í Dominos-deildunum í körfubolta en engir leikmenn hafa hitt betur úr langskotunum í fyrri hlutanum.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Tómas Heiðar Tómasson, 23 ára leikmaður karlaliðs Þórs úr Þorlákshöfn, og Bergþóra Holton Tómasdóttir, 20 ára leikmaður kvennaliðs KR, eiga fleira sameiginlegt en að hafa nýtt þriggja stiga skotin sín best af öllum leikmönnum Domino's-deildanna fyrir jól. Þau eru nefnilega systkini, börn Tómasar Holton og Önnur Bjarkar Bjarnadóttur, sem sjálf voru bæði A-landsliðsmenn á sínum tíma.

Fréttablaðið hitti þessi hittnu systkini sem eru uppalin hjá Fjölni en skiptu bæði úr æskufélaginu þegar Fjölnisliðin féllu vorið 2013.

### Sumir með ákveðið forskot

„Ég held að mikið af því sem tengist skothæfileikum sé eitthvað sem maður finnur og síðan pínu fæðist með. Það er alltaf hægt að bæta skotið meira og meira með því að æfa sig en sumir hafa kannski ákveðið forskot,“ segir Tómas Heiðar aðspurður hvort þetta sé í genunum. En hverju þakkar Bergþóra þessa góðu nýtingu?

„Það fyrsta sem mér dettur í hug eru góðar skotæfingar frá því ég var lítil, hef alltaf verið með nokkuð gott skot. Annars er þetta bara æfing, skjóta nóg af þristum á æfingum og/eða fyrir og eftir æfingarnar,“ segir Bergþóra.

Tómas hefur skorað 24 þrista og nýtt 50 prósent þriggja stiga skota sinna en Bergþóra hefur skorað 22 þrista og nýtt 39,3 prósent þriggja stiga skota sinna. „Þetta er búið að vera mjög gott tímabil fyrir mig. Ég hef tekið á mig aðeins meiri ábyrgð sóknarlega heldur en á síðasta tímabili eða bara áður í úrvalsdeildinni. Ég hef bara gaman af því,“ segir Tómas og hann hrósar liðsfélögum sínum: „Það skiptir miklu máli fyrir skotmenn að fá góð skot og það gerist bara þegar maður er með góða menn í kringum sig,“ segir Tómas.

„Tímabilið byrjaði ekki alveg nógu vel hjá okkur KR-stelpunum, en við höfum bætt okkur með tímabilinu og verðum betri með hverjum degi. Ég er bjartsýn fyrir seinni hluta tímabilsins og mjög spennt,“ segir Bergþóra.

### Skemmtileg tilviljun

Bergþóra og Tómas gleðjast bæði yfir góðu gengi hvort annars. „Þetta er skemmtileg tilviljun en svo er bara alltaf gaman þegar Tómasi gengur vel. Hann er búinn að eiga frábæra byrjun á tímabilinu og ég er mjög spennt að sjá hvað Þór kemst langt í deildinni þetta árið,“ segir Bergþóra.

